



# 2

**MANNÚÐ** Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans, sem spratt upp af löngun til að veita þeim sem særst höfðu á orrustuvelli hjálp án manngreinarálits, reynir með alþjóðlegu starfi og starfi landsfélaga að koma í veg fyrir og létta þjáningar fólks hvar sem það er statt. Tilgangur hreyfingarinnar er að vernda líf og heilsu og tryggja virðingu fyrir mannlegu lífi. Hún vinnur að gagnkvæmum skilningi, vináttu, samstarfi og varanlegum friði meðal allra þjóða. **ÓHLUTDRÆGNI** Hreyfingin gerir engan mun á milli manna eftir þjóðerni þeirra, kynþætti, trúarbrögðum, kyni, stétt eða stjórnmalaskoðunum. Hún reynir að draga úr þjáningum einstaklinga og tekur þá eingöngu tillit til þarfa hvers og eins en veitir forgang þeim sem verst eru staddir. **HLUTLEYSI** Svo að hreyfingin megi áfram njóta almenns trausts, skal hún gæta hlutleysis í ófriði og aldrei taka þátt í deilum vegna stjórn mála, kynþátta, trúarbragða eða hugmyndafræði. **SJÁLSTÆÐI** Hreyfingin er sjálfstæð. Þótt landsfélög veiti aðstoð í mannúðarstarfi stjórnvalda og lúti lögum lands síns, verða þau ætíð að varðveita sjálfstæði sitt svo þau geti starfað í samræmi við grundvallarmarkmið hreyfingarinnar. **SJÁLFBODIN ÞJÓNUSTA** Hreyfingin er borin uppi af sjálfbodnu hjálparstarfi og lætur aldrei stjórnast af hagnaðarvon. **EINING** Í hverju landi má aðeins vera eitt landsfélag Rauða krossins eða Rauða hálfmánans. Það skal vera öllum opið og vinna mannúðarstarf um landið allt. **ALHEIMSHREYFING** Hreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans nær um heim allan, og öll landsfélög hafa jafnan rétt og ábyrgð og sömu skyldur til gagnkvæmrar hjálpar.

## Rauði kristallinn samþykktur sem þriðja merkið

Samþykkt var á 29. alþjóðaráðstefnu Rauða krossins og Rauða hálfmánans að bæta við þriðja merki hreyfingarinnar – rauða kristalnum. Merkið hefur sömu þýðingu og rauði krossinn og rauði hálfmáninn sem verndartákn á áttaksvæðum og fyrir starfsmenn og sjálfbodaliða hreyfingarinnar.

Þá viðurkenndi Alþjóðaráð Rauða krossins Rauða hálfmánann í Palestínu og Rauðu Davíðstjórnuna í Ísrael sem fullgild landfélög. Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans samþykkti einnig inngöngu landsfélaganna í kjölfarið. Það sýnir styrk og einingu mannúðarhugsjónar Rauða krossins að þessi tvö landsfélög skuli geta starfað saman hlið við hlið á jafnréttisgrundvelli.

Með samþykktinni geta Alþjóðaráð Rauða krossins, Alþjóðasambandið og landsfélög notað Rauða kristallinn tímabundið og í undantekningartilvikum þar sem það á við. Samþykktin skuldbindur hinsvegar hvorki ríki né landsfélög að breyta notkun sinni á merki eigin félags. Alþjóðaráðið og Alþjóðasambandið munu heldur ekki breyta nafni né núverandi merki sínu.

Alþjóðaráðstefna Rauða krossins og Rauða hálfmánans er sótt af fulltrúum landsfélaga, Alþjóðasambandinu og Alþjóðaráðinu ásamt fulltrúum þeirra ríkja sem hafa undirritað Genfarsamningana.

Fyrir hönd Rauða kross Íslands sóttu ráðstefnuna Ómar H. Kristmundsson, formaður félagsins, og Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri.





# Alþjóðleg mannúðarhreyfing



Rauði kross Íslands var stofnaður 10. desember 1924 og viðurkenndi ríkisstjórn Íslands hann 9. mars 1925 sem eina Rauða kross félagið sem starfa má í landinu og eina aðilann sem nota má rauða krossinn sem merki sitt. **Deildir Rauða kross Íslands eru 50 og félagsmenn um 19.000, auk þúsunda styrktarfélaga Hjálparsjóðs. Sjálfboðaliðar félagsins eru um 1.500.** Félagið nýtur viðurkenningar Alþjóðaráðs Rauða krossins (International Committee of the Red Cross) og er aðili að Alþjóðasambandi landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans með þeim réttindum og skyldum sem því fylgja. Landsfélögin eru 185 með um 97 milljónir félagsmanna og sjálfboðaliða. **Tilgangur hreyfingarinnar er að vernda líf og heilsu og tryggja virðingu fyrir mannlegu lífi. Hún vinnur að gagnkvæmum skilningi, vináttu, samstarfi og varanlegum friði meðal allra þjóða.**

## Efnisyfirlit



Forsíðumyndin er tekin í landssöfnun Rauða krossins „Göngum til góðs“. Hér sést Sýlvía Sigríður Jónsdóttir, 2ja ára, með Rauða krossbarkinn en hún gekk til góðs með föður sínum allan Skerjafjörðinn og þótti góður fulltrúi Rauða krossins. Mynd: Jón Ingi Einarsson.

Hvar þrengir að? .....	Inngangur formanns og framkvæmdastjóra	4
Félagsleg einangrun og fátækt á Íslandi .....	Innanlandsstarf	5
Forysta í sjálfboðnu starfi .....	Stjórn, nefndir og formenn deilda Rauða kross Íslands	6
Tekjur og útgjöld .....	Úr rekstrinum	7
Mikilvæg verkefni í þágu almanna	Innanlandsstarf	8
Bergisinn / Flugslysaeving á Hornafirði / Neyðarnefnd höfuðborgarsvæðisins .....		8
Viðbrögð við bruna æfð á höfuðborgarsvæðinu / Björgunarævingin Nordred .....		9
Veittu farþegum sálrænan stuðning / Rauði krossinn aðstoðar vegna húsbruna .....		9
Fjöldahjálparstöð á Breiðdalsvík / Eitufnaslys við sundlaug / Fjöldahjálparstjórar .....		9
Nýr samningur um sjúkraflutninga .....	Innanlandsstarf	10
Sjónvarpsstjarnan Hjálpfús .....	Innanlandsstarf	10
Aðstoð við geðfatlaða um allt land .....	Innanlandsstarf	10
Frábær samstaða í landssöfnuninni „Göngum til góðs“ .....	Innanlandsstarf	11
Fjölþætt starfsemi tengd skyndihjálp .....	Innanlandsstarf	11
Sendifulltrúar starfa að margvíslegum verkefnum .....	Alþjóðastarf	12
Aðstoð við fórnarlömb átakanna í Líbanon og Palestínu .....	Alþjóðastarf	13
Aðstoð Rauða kross Íslands í baráttunni gegn alnæmi í Afríku .....	Alþjóðastarf	15
Fjölþætt námskeið haldin á árinu .....	Innanlandsstarf	16
Nýjungar í starfi heimsóknavina .....	Innanlandsstarf	19
Ungt fólk tekur þátt í fjölþættu starfi innan Rauða krossins .....	Innanlandsstarf	21
Ungmennahreyfing Rauða kross Íslands / Sumarmót á Kjalarnesi .....		21
Ungir innflytjendur í Kópavogi / Vinnuskólafræðsla .....		21
Tombólufé kemur í góðar þarfir / Vorferð ungmenna í Rauða krossinum .....		21
Vegabréfaverkefni, Bjartir dagar og jólakortagerð / Fróðleg námskeið .....		22
Kynning í 8. bekk / Samstarf við framhaldsskóla .....		22
Unglingastarf Ungmennadeildar Reykjavíkurdeildar / Hve langt viltu ganga? .....		23
Framtíð í nýju landi / Á flötta .....		23
Ársskýrslan á netinu .....		23

## Hvar þrengir að?

### Starf Rauða kross Íslands árið 2006 var fjölbreytt að venju og tekist var á við mörg krefjandi verkefni.

Á árinu var könnun félagsins „Hvar þrengir að?“ kynnt í þriðja sinn. Niðurstöður hennar hafa verið notaðar sem grundvöllur að endurskoðun á stefnu félagsins sem staðið hefur yfir frá hausti. Könnunin sýnir mikilvægi þess að Rauði krossinn beiti sér gegn félagslegri einangrun í samfélaginu. Efling á starfi heimsóknarinnar er ein öflugasta leiðin til árangurs á þessu sviði. Þörfin á að sinna málefnum innflytjenda betur kom jafnframt skýrt fram.

Það er mikilvægt fyrir Rauða krossinn að kynna betur það öfluga starf sem deildir og sjálfbóðaliðar þeirra vinna. Kynning er nauðsynleg bæði til þess að fá fleiri sjálfbóðaliða til liðs við félagið og ekki síður til að segja frá þeim úrræðum sem standa til boða.

Ákvæðum laga Rauða kross Íslands var breytt á síðasta aðalfundi félagsins. Með þeim breytingum aukast tekjur deilda en nýr samningur um sjúkraflytninga og aukin framlög í tengslum við hann gerði þessa breytingu mögulega. Auknar tekjur skapa síðan svigrúm til að efla verkefni í anda endurskoðaðrar stefnu.

Alþjóðaráðstefna Rauða krossins samþykkti nýtt merki og tvö ný landsfélög voru tekin inn í Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Alls eru landsfélögin nú 185.

Söfnunin Göngum til góðs fór fram í september. Þar kom fram hversu mikinn stuðning Rauði krossinn á meðal landsmanna þegar yfir 2.600 sjálfbóðaliðar tóku þátt og um 38 milljónir söfnuðust. Fénu sem safnaðist verður varið til verkefna vegna barna í sunnanverðri Afríku sem eiga um sárt að binda vegna alnæmis.

Sérstaða og styrkur Rauða krossins um allan heim felst fyrst og fremst í hinu öfluga neti sem landsfélög, deildir þeirra og félagar mynda um allan heim. Það er sama hvar áföll verða, Rauði krossinn er alltaf til staðar og getur þar af leiðandi verið fyrstur að bregðast við. Þar sem átök geisa er Rauða kross hreyfingin jafnframt síðasti aðilinn til

að hverfa frá. Þessum mikilvægu hlutverkum sinna landsfélög Rauða krossins og Rauða hálfmánans og þar á meðal Rauði kross Íslands. Félagið sinnir einnig þróunarsamvinnu í samstarfi við systurfélög í öðrum löndum meðal annars með vinadeildasamstarfi milli deilda héraðs og í Afríku. Í neyðaraðstoð stendur öll alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans saman að því að bregðast við á skjótan og árangursríkan hátt.

Mikilvægt er að standa vörð um sjálfstæði og hlutleysi Rauða krossins. Það eru þessi gildi sem gera Rauða krossinum alls staðar mögulegt að koma að málum. Rauði krossinn tekur ekki afstöðu með deiluaðilum. Hlutleysi er samt ekki skoðanaeysi því Rauði krossinn tekur alltaf afstöðu með þeim sem höllustum fæti standa.

Við viljum þakka sjálfbóðaliðum félagsins og starfsfólki þess fyrir vel unnin störf á liðnu ári sem og almenningi og stjórnvöldum fyrir stuðning þeirra við Rauða kross Íslands.

Reykjavík, í maí 2007



*Ómar H. Kristmundsson*

**Ómar H. Kristmundsson**  
formaður Rauða kross Íslands

*Kristján Sturluson*

**Kristján Sturluson**  
framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands



**Göngum  
til góðs**

Landsöfnun  
9. september 2006

Rauði kross Íslands

# Félagsleg einangrun og fátækt á Íslandi

5

**Til að Rauði krossinn geti sinnt starfi sínu sem best þarf félagið að vita hvar þörfin er mest hverju sinni. Það má því segja að könnunin Hvar þrengir að? hafi verið með mikilvægari verkefnum ársins 2006. Meginmarkmið hennar var að komast að því hvaða hópar á Íslandi standa höllum fæti, skilgreina þörfina fyrir aðstoð, forgangsraða verkefnum svo þau nýtist sem best, ákveða hvernig málsvarastarfi skuli hagað og vekja athygli almennings og stjórnvalda á hvar þrengir að á Íslandi.**

## Hvar þrengir að?

Alþjóðasamband landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans hefur frá árinu 1990 haft það markmið við gerð verkefnaáætlana að vinna með þeim sem minnst mega sín. Í tengslum við það var ákveðið að landsfélög innan hreyfingarinnar skyldu gera úttektir á því hverjir þetta væru til þess að hægt væri að fylgja verkefnum markvisst eftir. Rauði kross Íslands hefur haft þetta að leiðarljósi. Þetta hefur félagið gert með því að gera kannanir á stöðu þeirra sem verst standa hverju sinni í íslensku þjóðfélagi og nýta niðurstöðurnar við verkefnaval og forgangsröðun málefna. Rauði kross Íslands hefur þrisvar gert kannanir af þessu tagi og gefið út skýrslur sem bera heitið Hvar þrengir að? Fyrsta könnunin var gerð 1994, önnur árið 2000 og síðan sú þriðja á síðasta starfsári.

## Sjö hópar standa verst að vígi

Niðurstöður nýjustu könnunarinnar Hvar þrengir að? voru birtar í maí 2006. Niðurstöðurnar byggja á viðtölum við 57 sérfræðinga á sviði félagsmála um land allt. Meðal viðmælenda voru félagsmálastjórar, prestar, skólastjórar, námsráðgjafar, læknar, lögreglumenn, starfsmenn félagsþjónustu, sveitarfélaga og hjálparsamtaka og sérfræðingar í málafnum innflytjenda, öryrkja og velferðar barna. Einnig var rætt við notendur félagsþjónustu.

Í skýrslunni Hvar þrengir að? kemur fram hvaða hópar það eru sem standa verst að vígi í íslensku samfélagi að mati sérfræðinga og hvernig bæta megi kjör þeirra. Þetta eru sjö hópar en því fer fjarri að allir einstaklingarnir sem tilheyra hópunum séu bágstaddir. Þeir sem verst standa búa annað hvort við fátækt, einangrun eða mismunun, eða allt þetta þrennt.

## Hópar sem standa verst að vígi í íslensku samfélagi

- Öryrkjar sem eru á óskertum bótum og búa við veik félagsleg tengsl. Einnig þeir sem falla á milli kerfa, t.d. fólk sem fatlast vegna sjúkdóma eða slysa en nýtur samt ekki þeirrar þjónustu sem lög kveða á um.
- Einstæðar mæður sem eru lítið menntaðar, eru í láglau nastörfum og njóta lítills félagslegs stuðnings. Í þessum hópi eru einnig einstæðar mæður sem hafa skerta starfsorku.
- Innflytjendur sem kunna ekki íslensku og eru í láglau nastörfum. Einna verst standa þeir sem koma frá löndum sem eru tiltölulega mikið frábrugðin Íslandi hvað menningu snertir og einnig heimavinnandi konur sem búa við einangrun.
- Aldraðir sem lifa á óskertum lífeyri frá Tryggingastofnun og eru félagslega einangraðir. Í þessum hópi voru einnig tilgreindir aldraðir sem eiga við geðsjúkdóma að stríða.
- Karlar sem eru einstæðingar og hafa t.d. misst tengslin við börn sín eða fjölskyldur og eru félagslega einangraðir, í láglau navinnu eða atvinnulausir. Margir í þessum hópi eiga við vanda að stríða vegna áfengis- og/eða fíkniefnaneyslu.
- Geðfatlaðir sem lifa á óskertum bótum og eru félagslega einangraðir. Einnig geðfatlaðir fíklar.
- Börn sem skortir tækifæri vegna þess að þau búa við fátækt og skort á nauðsynjum, eða jafnvel við vanrækslu. Stundum er talað um hina svokölluðu „þriðju kynslóð“ og er þá átt við að bágar aðstæður færast frá einni kynslóð til annarrar.

## Málefnaþing

Nýtt ákvæði í lögum félagsins segir að stjórn Rauða kross Íslands skuli boða til málefnaþings annað hvert ár sem sé opið öllum félögum og áhugafólki um málefni félagsins. Markmiðið er að skapa þannig opinn vettvang fyrir umræðu um helstu viðfangsefni Rauða krossins. Það þótti því við hæfi að kynna

niðurstöður Hvar þrengir að? á málefnaþingi þann 21. maí. Málefnaþingið sótti breiður hópur fólks, svo sem hagsmunaaðilar sérfræðingar og stjórnálmenn auk fjölda félagsmanna í Rauða krossinum.

## Rauði krossinn í forystu

Á málefnaþinginu var leitað svara við spurningunum um hvers vegna fjöldi fólks á Íslandi búi við fátækt, einangrun og mismunun og hvernig megi breyta því. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, ávarpaði málefnaþingið við upphaf þess. Í erindi sínu sagði forseti meðal annars að Rauði krossinn hefði með landskönnuninni og málefnaþinginu tekið forystu í brýnu starfi. Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða krossins, kynnti niðurstöður könnunarinnar og sagði meðal annars að mikill vandi væri fölginn í því að fólk sæti fast í sínum erfiðu aðstæðum og að ómögulegt væri að uppræta slíkan víthring nema með samstarfi margra aðila. Aðrir fyrirlesarar á málþinginu gerðu grein fyrir einstökum hópum sem hvað verst standa. Það voru þau Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu; Gísli Gíslason, formaður Félags ábyrgra feðra; Sabine Leskopf, verkefnisstjóri Alþjóðahúss; Ingibjörg Georgsdóttir, barnalæknir og Sigursteinn Músson formaður Öryrkjabandalags Íslands.

## Endurskoðuð stefna í ljósi könnunarinnar

Á málefnaþinginu tóku þátttakendur þátt í hópvinnu til að ræða enn frekar niðurstöður könnunarinnar, sem og að koma með tillögur að leiðum til úrbóta. Hóparnir ræddu til dæmis málefni innflytjenda, aldraðra, öryrkja og geðsjúkra, einstæðra og einhleypra og barna í vanda. Góðar og þarfar umræður fóru fram og komu mikilvæg sjónarhorn í ljós enda voru þátttakendur frá ýmsum sviðum þjóðlífsins með margvíslega þekkingu á málefnum sem rædd voru. Niðurstöður vinnuhópanna voru mikilvægt innlegg í stefnumótun Rauða krossins sem hófst síðar á árinu. Stefnumótunin byggist nú sem fyrr á því að gera starf félagsins betur í stakk búið til að mæta þörfum þeirra sem standa höllum fæti hér á landi. Jafnframt voru niðurstöður könnunarinnar ræddar á öllum svæðisfundum félagsins. Stjórn Rauða krossins skipaði síðan vinnuhóp til að endurskoða stefnuna í samræmi við niðurstöður könnunarinnar, málþingsins og svæðisfunda.



# Forysta í sjálfboðnu starfi

## Stjórn Rauða kross Íslands

Ómar Kristmundsson formaður  
 Anna Stefánsdóttir varaformaður  
 Esther Brune  
 Garðar H. Guðjónsson  
 Gunnar Frímansson gjaldkeri  
 Hörður Högnason  
 Karen Erla Erlingsdóttir  
 Pálín Dögg Helgadóttir ritari  
 Sigríður Magnúsdóttir  
 Þór Gíslason  
 Þórdís Magnúsdóttir

## Framkvæmdaráð

Ómar Kristmundsson  
 Anna Stefánsdóttir  
 Pálín Helgadóttir  
 Þór Gíslason (varamaður)

## Fulltrúar í stjórn Íslandsspila

Anna Stefánsdóttir  
 Jóhannes R. Jóhannsson  
 Kristján Sturluson

## Stjórn verkefnasjóðs

Þór Gíslason formaður  
 Pálín Dögg Helgadóttir  
 Sigrún C. Halldórsdóttir  
 Stefán Yngvason

## Stjórn URKÍ

Ingibjörg Halldórsdóttir formaður  
 Guðjón Ebbi Guðjónsson  
 Gunnlaugur Bragi Björnsson ritari  
 Hildur Dagbjört Arnadóttir  
 Jón Þorsteinn Sigurðsson varaformaður  
 Lilja Guðrún Jóhannsdóttir  
 Nanna Halldóra I Björnsdóttir  
 Pálína Björk Matthíasdóttir

## Skyndihjálparráð

Ármann Höskuldsson  
 Erna Árnadóttir  
 Guðbjörg Pálsdóttir  
 Hjalti Már Björnsson  
 Oddur Eiríksson  
 Ólafur Ingi Grettisson  
 Sólborg Olga Nilsen  
 Sveinbjörn Berentsson

## Skoðunarmenn

Jón Kr. Sólnes  
 Ólafur R. Gunnarsson

## Endurskoðunarskrifstofa

KPMG – Endurskoðun hf.



## Formenn deilda Rauða kross Íslands 31. desember 2006

Austur-Húnavatnssýsludeild  
 Akranesdeild  
 Akureyrardeild  
 Álftanesdeild  
 Árnesingadeild  
 Bolungarvíkurdeild  
 Borgarfjarðardeild  
 Breiðdalsdeild  
 Búðardalsdeild  
 Dalvíkurdeild  
 Djúpavogsdeild  
 Dýrafjarðardeild  
 Eskifjarðardeild  
 Fáskrúðsfjarðardeild  
 Garðabæjardeild  
 Grindavíkurdeild  
 Grundarfjarðardeild  
 Hafnarfjarðardeild  
 Héraðs- og Borgarfjarðardeild  
 Hornafjarðardeild  
 Húsavíkurdeild  
 Hvammstangadeild  
 Hveragerðisdeild  
 Ísafjarðardeild  
 Kjósarsýsludeild

Þórmundur Skúlason  
 Lárus Guðjónsson  
 Sigurður Ólafsson  
 Sigrún Jóhannsdóttir  
 Marianne Brandsson-Nielsen  
 Sigríður Elín Hreinsdóttir  
 Ragnheiður Kristín Einarsdóttir  
 Unnur Björgvinsdóttir  
 Óskar Ingi Ingason  
 Ragna Gunnarsdóttir  
 Ragnar Eiðsson  
 Bergur Torfason  
 Ásta Tryggvadóttir  
 Eyrún M. Elísdóttir  
 Ólafur R. Gunnarsson  
 Guðfinna Bogadóttir  
 Bryndís Theódórsdóttir  
 Helgi Ívarsson  
 Málfríður Björnsdóttir  
 Ásgerður Gylfadóttir  
 Elsa Skúladóttir  
 Guðrún Matthíasdóttir  
 Svandís Birkisdóttir  
 Hörður Högnason  
 Jóhannes B. Guðmundsson

Klaustursdeild  
 Kópavogsdeild  
 Norðfjarðardeild  
 Ólafsfjarðardeild  
 Rangárvallasýsludeild  
 Raufarhafnardeild  
 Reyðarfjarðardeild  
 Reykjavíkurdeild  
 Seyðisfjarðardeild  
 Siglufjarðardeild  
 Skagafjarðardeild  
 Skagastrandardeild  
 Snæfellsbæjardeild  
 Strandasýsludeild  
 Stykkishólmsdeild  
 Stöðvarfjarðardeild  
 Suðurnesjadeild  
 Súðavíkurdeild  
 Súgandafjarðardeild  
 Vestur-Barðastrandarsýsludeild  
 Vestmannaeyjadeild  
 Víkurdeild  
 Vopnafjarðardeild  
 Þórshafnardeild  
 Öndurfjarðardeild  
 Öxarfjarðardeild

Elín Anna Valdimarsdóttir  
 Garðar H. Guðjónsson  
 Gunnar Ásgeir Karlsson  
 Sigrún Sigurðardóttir  
 Einar Erlendsson  
 Bryndís Kjartansdóttir  
 Sigurður Ásgeirsson  
 Stefán Yngvason  
 Einar Hólm Guðmundsson  
 Skarphéðinn Guðmundsson  
 Gunnar Rögnvaldsson  
 Pétur Eggertsson  
 Elfa Ármannsdóttir  
 Victor Örn Victorsson  
 Björn Benediktsson  
 Þóra Björk Nikulásdóttir  
 Rúnar Helgason  
 Sigríður Hrönn Elíasdóttir  
 Helga Guðný Kristjánsdóttir  
 Guðni Jóhann Ólafsson  
 Hermann Einarsson  
 Sigurður Hjálmarsson  
 Gísli Sigmarsson  
 Ásta Laufey Þórarinsdóttir  
 Sigríður Magnúsdóttir  
 Jón Ármann Gíslason

6

# Tekjur og útgjöld

## Í uppgjöri Rauða kross Íslands fyrir árið 2006 er annað árið í röð myndaður samstæðu-reikningur með deildum félagsins en þannig fæst glögg mynd af allri starfsemi félagsins.

Tekjur Rauða krossins af söfnunarkössum hækkuðu um rúm 5% á árinu 2006 en það er nánast jafnmikil hækkun og varð á árinu 2005.

Frjáls framlög námu um 155 m.kr. á árinu 2006, þar af 38 m.kr. í söfnuninni Göngum til góðs en hún var helguð börnum sem eiga um sárt að binda vegna alnæmis í sunnanverðri Afríku. Frjáls framlög lækkuðu frá árinu 2005 en á því ári söfnuðust óvenju háar fjárhæðir eða um 160 m.kr. vegna hamfara við Indlandshaf og jarðskjálfta í Pakistan. Betur gekk

að innheimta félagsgjöld á árinu 2006 en áður og námu tekjur deilda Rauða krossins af félagsgjöldum rúmum 11 m.kr. á árinu 2006 samanborið við 9 m.kr. á árinu 2005.

Útgjöld til alþjóðastarfs drógust nokkuð saman á árinu 2006 en þau voru óvenjumikil á árinu 2005 vegna hamfaranna við Indlandshaf og í Pakistan.


Rauði kross Íslands á og rekur 77 sjúkrafreiðar um land allt. Kostnaður við rekstur þeirra var um 209 m.kr. á árinu 2006. Rauði krossinn lagði 37 m.kr. til rekstrarins á árinu en aðrar tekjur koma frá heilbrigðisráðuneytinu og notendum þjónustunnar.

Alls var ráðstafað um 1.085 m.kr. til verkefna á árinu 2006.


### Skipting útgjalda



### Innanlandsstarf



### Alþjóðlegt hjálparstarf



### Lykiltölur úr rekstrinum:


Tekjur og framlög	2006	2005	2004	2003	2002
Tekjur af söfnunarkössum .....	557.903	529.164	502.412	517.309	569.460
Gjafir og framlög .....	155.356	245.235	153.479	102.715	99.143
Samingsbundin verk við stjórnvöld ..	118.432	71.762	118.137	131.995	122.348
Sjúkraflutningar .....	83.634	93.546	85.797	82.751	68.273
Söluhagnaður fasteigna .....	71.300	7.942	306.874	-	-
Aðrar tekjur .....	294.589	207.889	108.641	147.369	80.329
<b>Samtals</b>	<b>1.281.214</b>	<b>1.155.538</b>	<b>1.275.340</b>	<b>982.139</b>	<b>939.553</b>

### Framlög til nokkurra verkefna

Alþjóðahjálparstarf .....	242.830	324.988	233.018	176.656	177.438
Alþjóðasamstarf .....	49.942	44.568	39.264	41.724	35.717
Innanlandsstarf .....	345.164	327.768	341.890	405.875	414.657
Sjúkraflutningar .....	208.516	185.511	187.017	173.144	177.161
Hjálparsíminn og Rauðakrosshúsið ..	20.861	19.093	17.131	34.700	31.486
Vin – athvarf fyrir geðfatlaða .....	20.913	18.724	17.919	17.929	18.213
Önnur athvörf .....	31.472	28.354	-	-	-



## Mikilvæg verkefni í þágu almannavarna



Deildir Rauða krossins mynda sterkt neyðarvarnanet félagsins. Mikilvæg verkefni í þágu almannavarna eru á könnu sjálfbóðaliða um allt land og var árið 2006 sérstaklega viðburðaríkt. Nokkur útköll voru vegna neyðarvarna; þrisvar sinnum þurftu flugvélar að nauðlenda í Keflavík, húsbruni var í Reykjavík, eitrefnaslys á Eskifirði og bruni í frystihúsi á Breiðdalsvík. Auk þessa var nokkrum sinnum óskað eftir aðstoð Rauða krossins við að veita áfallahjálp. Einnig tók Rauði krossinn þátt í fjölmörgum neyðarvarnaæfingum víðsvegar um landið.

### Bergrisinn

Rauði krossinn tók þátt í almannavarnaæfingunni Bergrisinn sem haldin var í mars. Æfingin var liður í gerð nýrra viðbragðs- og rýmingaráætlana fyrir áhrifasvæði eldgosa, jökulhlaupa og gjóskufalls frá Mýrdals- og Eyjafjallajökklum.



Stærsti þáttur æfingarinnar var að rýma svæðið en þar búa um 2.200 manns. Auk íbúanna dvelja á svæðinu fjölmargir sumarhúsaeygendur og ferðamenn. Fjöldahjálparstöðvar Rauða krossins voru opnaðar á Hellu, Hvolsvelli, Skógum, Kirkjubæjarklaustri og í Vík. Sjálfbóðaliðar frá Rauða krossinum voru um eitt hundrað talsins og komu þeir einkum frá Rangárvallasýsludeild, Víkurdeild og Klausturdeild. Sjálfbóðaliðarnir sinntu almennri fjöldahjálparstöðvum. Flestir sem tóku þátt í æfingunni eru með fjöldahjálparstjóraréttindi og gengu því inn í verkefni af þekkingu og gátu leiðbeint öðrum sjálfbóðaliðum Rauða krossins. Almenn ánægja var með æfinguna sem þótti lærdómsrík fyrir fjöldahjálparstjóra og sjálfbóðaliða deilda.



### Flugslysaæfing á Hornafirði

Hornafjarðardeild Rauða krossins og fulltrúar félagsins í Samhæfingarstöð almannavarna tóku þátt í umfangsmikilli flugslysaæfingu á Hornafjarðarflugvelli í maí. Alls tóku 13 sjálfbóðaliðar frá Hornafjarðardeild Rauða krossins þátt í æfingunni sem gekk mjög vel.

### Flugslysaæfing á Bíldudal

Sjö sjálfbóðaliðar Rauða kross deildar V-Barðastrandarsýslu tóku þátt í flugslysaæfingu á vegum Flugmálastjórnar sem haldin var á Bíldudal í október 2006. Sett var á svið flugslys þar sem flugvél með 20 manns innanborðs átti að hafa farist. Æfingin gekk mjög vel fyrir sig og allir sem tóku þátt stóðu sig með miklum ágætum en henni var stjórnað af starfsmönnum Flugmálastjórnar og almannavarnardeildar ríkislögreglustjórnans. Tilgangurinn var að láta reyna á drög að flugslysaáætlun fyrir Bíldudalsflugvöll og samhæfa krafta þeirra sem koma að sambærilegum slysum, þ.e. slökkviliðs, björgunarsveita, heilsugæslu, Rauða krossins og annarra viðbragðsaðila.

### Neyðarnefnd höfuðborgarsvæðis stofnuð

Árið 2005 undirrituðu Rauða kross deildir á höfuðborgarsvæðinu samstarfssamning til fimm ára um sameiginlega neyðarnefnd og var árið því fyrsta heila starfsár hennar. Helstu verkefni nefndarinnar voru stór fjöldahjálparæfing í janúar, stofnun sérstaks viðbragðshóps vegna áfalla utan almannavarnaástands, fjöldahjálparstjóranámskeið og fjölsótt fræðslukvöld fyrir neyðarvarnafólk á svæðinu. Talsverð vinna fór í gerð verklags vegna neyðaraðstoðar utan almannavarnaástands og hefur það hlotið formlegt samþykki lögreglu höfuðborgarsvæðisins og slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Neyðarnefndinni bauðst í lok árs að útnefna áheyrnarfulltrúa í almannavarnarnefnd höfuðborgarsvæðisins. Fyrir hafði hún fastan fulltrúa í aðgerðastjórn almannavarna.





Neyðarvæðing



### Viðbrögð við bruna æfð á höfuðborgarsvæði

Neyðarnefnd Rauða kross deilda á höfuðborgarsvæðinu hélt sína fyrstu æfingu í byrjun ársins en áður höfðu æfingar á höfuðborgarsvæðinu verið á vegum hvernar deildar. Æfð voru viðbrögð Rauða krossins vegna aðstoðar til íbúa sem þurftu að yfirgefa heimili sín vegna bruna í blokk. Fjöldahjálparstöð var opnuð í Fellaskóla og þangað leituðu 25 manns eftir skyndihjálpi, almennri umönnun og sálrænum stuðningi. Fimm títan fjöldahjálparstjórar voru að störfum auk starfsfólks frá skólanum. Í Samhæfingarstöðinni voru hins vegar tveir fulltrúar Rauða krossins og æfðu úrvinnslu skráningar og aðra aðstoð vegna aðgerðarinnar. Fjórir sjálfböðaliðar sáu um að svara Hjálparsímanum 1717 en þangað hringdi fólk til að fá upplýsingar um ættingja og vini sem þeir óttuðust um. Þá áttu allir íbúar sem þurftu að yfirgefa heimili sín að veita Hjálparsímanum 1717 ýmsar upplýsingar, svo sem um aðsetur sitt og tryggingarfélag. Samtals tóku um 50 manns þátt í æfingunni sem þótti takast ágætlega.

### Björgunaræfingin Nordred

Rauði kross Íslands tók þátt í björgunaræfingunni Nordred sem haldin var í byrjun maí. Æfð voru viðbrögð við björgun fólks af erlendu skemmtiferðaskipi vegna bruna. Skipið átti að vera stöðugt við Hornbjarg með um 1.700 manns um borð. Hlutverk sjálfböðaliða Rauða krossins var meðal annars að skrá og finna húsnæði fyrir óslasaða, sem voru yfir 1.000 manns. Um var að ræða fólk frá 35 þjóðlöndum.



um og þurftu að upplýsa öll sendiráð og ræðisskrifstofur um aðdrif þeirra fólks, útvega túlka og huga að þörfum fólks og veita sálrænan stuðning. Gert var ráð fyrir að sjálfböðaliðar deilda Rauða krossins á Norðurlandi kæmu til aðstoðar á Ísafirði. Einnig þurftu aðstoð deilda frá Suðurlandi og Suðurnesjum á höfuðborgarsvæðið þar sem rekin var risavaxin fjöldahjálparstöð með um 1.000 manns, því allt gírtími í Reykjavík var fullt. Haldið var utan um flæði fólks í land, frá Ísafirði og til útlanda. Listi með nöfnum áfallateymis var sendur til Ísafjarðar og Hjálparsímanum 1717 var virkjaður. Flutningar á fólki frá Ísafirði voru skipulagðir í samvinnu við fulltrúa Vegagerðarinnar. Útvegaður var matur, handklæði og teppi fyrir þúsundir manna. Fulltrúar neyðarnefndar höfuðborgarsvæðisins skipulögðu móttöku á fólki frá Ísafirði og opnun fjöldahjálparstöðvar.

### Veittu farþegum sálrænan stuðning

Í mars var leitað til Suðurnesjudeilda Rauða krossins um að annast flugfarþega í flugvél Icelandair á leið til New York eftir að eldingu laust niður í vélinni skömmu eftir flugtak í Keflavík. Flugvélin lenti heilu og höldnu en sumir farþegar þurftu á sálrænum stuðningi að halda. Deildin var einnig í viðbragðsstöðu vegna tveggja annarra flugvéla sem lentu áfallalaust.

### Rauði krossinn aðstoðar vegna húsbruna

Í nóvember barst boð frá Neyðarlínunni vegna bruna í íbúð í fjölbýlishúsi við Ferjubakka. Óskað var eftir aðstoð Rauða krossins við að sinna íbúum hússins sem höfðu fengið aðsetur í strætisvagni við húsið. Tvennt var í íbúðinni sem brann og slösuðust þau bæði. Fjórir sjálfböðaliðar úr viðbragðshópi neyðarnefndar höfuðborgarsvæðis fóru strax á staðinn og einn úr áfallahjálparteymi Rauða krossins. Sérútbúin brunakerra neyðarnefndarinnar var einnig sótt. Fjöldahjálparstjórar Rauða krossins fóru í allar íbúðir og buðu frekari aðstoð.

### Fjöldahjálparstöð opnuð á Breiðdalsvík

Deild Rauða krossins á Breiðdalsvík brást við í mars þegar kviknaði í frystihúsinu á staðnum. Rýma þurftu fjórtán hús vegna brunans. Deildin opnaði fjöldahjálparstöð í grunnskólanum og mættu þangað þeir aðilar sem ekki fóru til vina og ættingja. Rauði krossinn fékk hótelið að láni til að veita slökkviliðinu og öðru björgunarfólki veitingar. Sex sjálfböðaliðar Rauða krossins tóku þátt í aðgerðinni.

### Eiturefnaslys við sundlaug

Sjálfböðaliðar Rauða krossins á Eskifirði og á Neskaupstað fóru í viðbragðsstöðu um leið og fréttist af eiturefnaslysinu við sundlaugina á Eskifirði í júní. Klórgas fór út í andrúmsloftið vegna mistaka og skapaðist mikil hætta. Fjöldi fólks var í sundlauginni og urðu um 30 manns fyrir eitrunaráhrifum. Opnuð var söfnunarstöð aðstandenda á sjúkrahúsinu á Neskaupstað og í grunnskólanum á Eskifirði var opnuð fjöldahjálparstöð þar sem fórnarlömb og aðstandendur slyssins fengu sálrænan stuðning og upplýsingar um gang mála. Þó nokkuð var um að fólk leitaði aðstoðar hjá Rauða krossinum og héldu sjálfböðaliðar Rauða krossins fjöldahjálparstöðinni opinni fram eftir kvöldi. Rauði krossinn útvegaði pólska túlka, annars vegar túlka sem voru á sjúkrahúsinu á Neskaupstað og hins vegar túlka sem aðstoðuðu fólk sem sent var með sjúkraflugi til Reykjavíkur.

### Fjöldahjálparstjórar

Haldin voru átta námskeið á árinu og hlutu 112 fjöldahjálparstjórar þjálfun. Námskeiðin voru haldin á Akureyri, Ísafirði, Hellu, Fáskrúðsfirði, Reyðarfirði, Stykkishólmi, Garðabæ og Vestmannaeyjum. Í lok árs voru 396 fjöldahjálparstjórar með gild skírteini.



# Nýr samningur um sjúkraflutninga

Undirritaður var nýr samningur við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið snemma á árinu. Samkvæmt samningnum á Rauði krossinn að útvega tækjabúnað í og reka 77 sjúkrabifreiðar sem staðsettar eru á 42 stöðum á landinu. Samningurinn gildir í fimm ár eða til ársloka 2010.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hækkaði framlag sitt umtalsvert sem gerði Rauða krossinum kleift að lækka sitt framlag og auka á móti hlut deilda í tekjum frá Íslandsspilum. Með lagabreytingu sem samþykkt var á aðalfundi í maí renna 32% af tekjum frá Íslandsspilum til deilda í stað 28% áður. Með lagabreytingunni renna 5% af tekjunum í Verkefnasjóð (áður Sérverkefnasjóður) í stað 4% áður.



# Sjónvarpsstjarnan Hjálpfús

Árið var Hjálpfúsi sérstaklega gæfuríkt. Um haustið hóf hann að heimsækja börnin heima í stofu í sjónvarpsþættinum *Stundin okkar*. Hjálpfús hefur lengi verið áberandi í fræðslustarfi Rauða krossins. Grunnskólanemendur þekkja hann úr námsefni Rauða krossins og þá hefur fingurbrúðan Hjálpfús verið tíður gestur á leikskólum allt frá árinu



2004 þegar deildir Rauða krossins gáfu öllum leikskólum landsins fræðsluefnið um hann. Hjálpfús leggur mikla áherslu á að börn skilji mikilvægi vináttunnar, geti sett sig í spor annarra og kunnir að taka tillit til fólks burtséð frá útliti, uppruna eða skoðunum. Þá kemur hann með hugmyndir um hvernig þau sjálf geti hjálpað og gefið af tíma sínum til bágstaddra.

Í *Stundinni okkar* brallar Hjálpfús ýmislegt skemmtilegt með systkinunum Önnu (Arnbjörg Hlíf Valsdóttir) og Ragnari (Björgvin Franz Gíslason). Framleiddir voru átta þættir og voru viðtökurnar afar góðar. Sjónvarpið sýndi mikinn áhuga á að fá fleiri þætti til sýninga og hefur Rauði krossinn samið um áframhaldandi samstarf veturinn 2007–2008.

# Aðstoð við geðfatlaða um allt land

Í upphafi árs 2006 kynnti Rauði krossinn skýrslu sem unnin var fyrir félagið og Geðhjálp um þjónustuparfir geðsjúkra og reynslu þeirra af geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi. Skýr skilaboð voru frá notendum og fjölskyldum þeirra um að brýnt væri að efla stuðning og meðferð.

Rannsóknin er síðasti áfanginn hjá Rauða krossi Íslands í að kanna stöðu geðfatlaðra um allt land. Kannanir sem deildir Rauða krossins létu gera á árunum 2001–2004 um hag og þarfir geðfatlaðra sem voru unnar sem svæðisverkefni leiddu svipaðar niðurstöður í ljós.

Rauði krossinn hefur ásamt Geðhjálp haldið námskeið fyrir aðstandendur geðfatlaðra og áhugafólk um geðheilbrigðismál undanfarin tvö ár. Haldin voru sjö námskeið á árinu 2006 í samvinnu við deildir Rauða krossins á eftirtöldum stöðum: Akureyri, Höfn í Hornafirði, Selfossi, Reykjanesbæ, Siglufirði, og tvö í Kópavogi fyrir höfuðborgarsvæðið. Hvert námskeið stendur í tvo daga og byggir á samblandi af fyrirlestur og hópstarfi. Þessi námskeið Rauða krossins urðu fyrir valinu ásamt sjö öðrum vaxtabroddarverkefnum í söfnunaráttaki sem Sparisjóðirnir í landinu stóðu fyrir ásamt viðskiptavinum sínum í desember.

Rauði krossinn fékk þriggja milljóna króna styrk til að halda námskeiðunum áfram á árinu 2007.

Rauði krossinn stóð meðal annars fyrir námskeiðinu Að heyra raddir með Ron Coleman í fararbroddi. Á námskeiðinu var fjallað um breytt viðhorf gagnvart því að heyra raddir og rannsóknunum sem sýna að allt að 4% fólks heyrir raddir en aðeins þriðjungur þeirra verða notendur geðheilbrigðisþjónustunnar. Ron Coleman sagði sögu sína sem langveikur geðklofasjúklingur, lýsti bataferli og ræddi þörfina á að breyta geðheilbrigðiskerfinu þannig að það lagaði sig að þörfum hvers og eins í stað þess að sjúklingurinn þyrfti sífellt að laga sig að kerfinu.

Nýtt athvarf fyrir geðfatlaða, Setrið, var opnað á Húsavík um mitt ár. Athvörf Rauða krossins eru því nú alls fimm að tölu: Vin í Reykjavík, Lækur í Hafnarfirði, Dvöl í Kópavogi, Laut á Akureyri og svo að síðustu Setrið á Húsavík.

# Frábær samstaða náðist í lands- söfnuninni „Göngum til góðs“

Innanlandsstarf

Tæplega 38 milljónir króna söfnuðust í landssöfnuninni „Göngum til góðs“ sem haldin var að þessu sinni í september. Þetta er nokkuð hærrí upphæð en safnaðist þegar gengið var til góðs fyrir tveimur árum enda var metþátttaka nú í söfnuninni um land allt. Að þessu sinni rennur allt söfnunarféð til verkefna Rauða krossins í sunnanverðri Afríku með sérstakri áherslu á börn sem eiga um sárt að binda vegna alnæmis.

Rauði krossinn er ákaflega þakklátur öllum þeim fjölda sem tók þátt í Göngum til góðs, bæði með því að ganga og gefa. Samkvæmt reynslu Rauða krossins þurfti um 2.000 manns til að hægt yrði að ganga í öll hús á landinu en um 2.600 sjálfbóðaliðar tóku þátt í söfnuninni.

Allar söfnunarstöðvar í Reykjavík voru fullmannaðar enda var mikill fjöldi sjálfbóðaliða sem flutti sig milli hverfa og bæjarfélaga eftir því sem þörf var á. Sömu sögu var að segja á landsbyggðinni þar sem hundruð sjálfbóðaliða gengu til liðs við deildir Rauða krossins um allt land.



## Sýna samstöðu með verðugu málefni

Verndari söfnunarinnar, Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands, varði heilum degi í söfnun Rauða krossins og gerði víðreist. Forsetinn hóf ferð sína á Álftanesi og fór þaðan yfir í Kópavog. Ólafur Ragnar safnaði svo fé í Kringlunni og hélt svo til Akureyrar til að taka þátt í söfnuninni þar.

Landssöfnunin „Göngum til góðs“ er frábrugðin öðrum fjársöfnunum félagsins þar sem ekki einungis er verið að leita eftir fjárstuðningi heldur einnig að virkja fólk til að sýna samstöðu sína með verðugu málefni í verki með því að gerast sjálfbóðaliðar eina dagsstund. Það takmark þótti svo sannarlega nást enda var samstaðan frábær um allt land.

Landssöfnunin er haldin annað hvert ár og er öllu fé sem safnast varið til langtímaverkefna Rauða krossins. Á næstu árum verður söfnunarfénu varið til að koma á fót ýmsum stuðningi við börn í sunnanverðri Afríku sem eiga um sárt að binda sökum alnæmis og verða meðal annars opnaðar félagsmiðstöðvar fyrir börn í Malaví þar sem þau munu fá mat og ýmiss konar stuðning.



Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, og ungur velunnari söfnunarinnar í Kringlunni.

## Fjölpætt starfsemi tengd skyndihjálp

11

Deildir Rauða krossins um land allt héldu alls 120 skyndihjálparnámskeið og eins og undanfarin ár naut námskeiðið Börn og umhverfi mikilla vinsælda. Að auki voru skipulögð 150 námskeið fyrir hópa og fyrirtæki og voru þátttakendur ríflega 3.000 talsins. Sala námskeiða jókst því umtalsvert og virðist það henta mörgum að félagið bjóði nú stutt og hagnýt námskeið sem eru fjögurra klukkustunda löng.

### Nýir staðlar í skyndihjálp

Rauði kross Íslands endurskoðaði allt sitt námsefni í skyndihjálpi. Þetta var gert vegna nýrra alþjóðlegra leiðbeininga varðandi endurlífgun sem Evrópska endurlífgunarráðið (ERC) gaf út í nóvember 2005.

### Slys á börnum

#### – nýtt og endurbætt námskeið

Tvö ný námskeið voru undirbúin um viðbrögð við veikindum og slysum á börnum og forvarnir þar að lútandi. Annað námskeiðið er ætlað foreldrum og forráðamönnum barna en hitt starfsmönnum stofnana, svo sem leikskóla og frístundaheimila. Á námskeiðunum er lögð áhersla á grunnatriði almennrar skyndihjálpar vegna algengra slysa og veikinda barna. Á námskeiði fyrir starfsmenn stofnana er auk þess fjallað um ýmislegt er varðar almenna umsjón með öryggismálum.



### Einstakt björgunarfrek

Skyndihjálparnámskeið Rauða krossins hafa marg oft sannað ágæti sitt eins og Guðrún Björk Sigurjónsdóttir getur vitnað um. Hún bjargaði tveimur þriggja ára börnum frá drukknun þegar þau lentu í sjónum á Snæfellsnesi í apríl 2005. Guðrún var þar við skeljatínslu ásamt systur sinni og frænku og börnum þeirra allra. Í einni svipan söguðust börnin tvö út þegar enginn sá til. Um leið og Guðrún áttaði sig á hvað hafði gerst hóf hún björgunaraðgerðir. Kunnátta hennar í skyndihjálpi rifjaðist upp á svipstundu og hún brást hárrétt við aðstæðum. Fyrir þetta einstaka þrekvirki valdi Rauði krossinn hana Skyndihjálparmann ársins 2005. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra afhenti Guðrúnu Björk viðurkenninguna á Hótel Loftleidum þann 10. febrúar við setningu ráðstefnunnar 112 í tíu ár – hvað hefur breyst, hvað er framundan? sem haldin var í tilefni 112 dagsins og afmæli Neyðarlínunnar. Fjöldi fólks um allt land var tilnefnt og veittu

deildir Rauða krossins á Ísafirði, Stykkishólmi og Vestmannaeyjum einnig viðurkenningar heima í héraði til þeirra sem voru tilnefndir til þess að vera skyndihjálparmenn ársins.

### Samstarf við Olíufélagið ehf.

Á árinu var unnið að útbreiðslu skyndihjálparþekkingar meðal landsmanna í samvinnu við Olíufélagið ehf. (ESSO) samkvæmt samstarfssamningi sem Rauði kross Íslands og Olíufélagið gerðu árið 2005. Meðal annars var útbúin auglýsing með skyndihjálparatriðum um endurlífgun og hún sýnd á sjónvarpsskjám á bensinstöðvum ESSO.



Ljósmynd: Vilhelm Guðmarsson

Guðrún Björk Sigurjónsdóttir skyndihjálparmaður ársins 2005 ásamt Birni Bjarnasyni, dómsmálaráðherra.

# Sendifulltrúar starfa að margvíslegum verkefnum

Alþjóðastarf

**Störf sendifulltrúa Rauða kross Íslands á árinu 2006 snéru fyrst og fremst að neyðaræðstoð og uppbyggingarverkefnum vegna náttúruhamfara og stríðsátaka, sem og að langtíma þróunarsamvinnu í Afríku, Asíu og Evrópu ásamt störfum í höfuðstöðvum Alþjóða Rauða krossins.**

Flóðbylgjan mikla, Tsunami, sem reið yfir lönd Asíu í lok árs 2004 olli gríðarlegum mannskaða og eyðileggingu mannvirkja. Í kjölfar hamfaranna beið hjálparstarfsfólks þar á meðal starfsfólks og sjálfbodaliða Rauða kross hreyfingarinnar gífurlegt starf. Eftir neyðarástoð tók við uppbyggingarstarf sem

ætlað er að taki að minnsta kosti fimm ár. Sendifulltrúar Rauða kross Íslands tóku þátt í uppbyggingarstarfinu í álfunni á árinu 2006. Þeir skipulögðu sálfélagslega þjónustu við fórnarlömb hamfaranna á Sri Lanka og tóku þátt í uppbyggingu heilsugæslu ásamt því að skipuleggja almennt hjálparstarf í Aceh-héraði á eyinni Súmötru í Indónesíu.

Sendifulltrúar félagsins störfuðu einnig í Pakistan vegna neyðarástands af völdum jarðskjálfta sem varð í norðurhluta landsins í október 2005. Þar störfuðu sendifulltrúarnir fyrst og fremst að hjúkrun og heilsugæslu. Sendifulltrúar Rauða kross Íslands störfuðu einnig að neyðarástoð í Afríku vegna stríðsátaka og/eða vegna vatns- og uppskerubrests og heilsufarsvanda.

Í þróunarsamvinnu og starfi að langtíma uppbyggingu störfuðu sendifulltrúar Rauða kross Íslands helst með samstarfsfélögum í sunnanverðri Afríku að heilsugæsluverkefnum og að skipulagsmálum Rauða kross félaganna. En þeir voru einnig að störfum norðar í álfunni, í Asíu, Evrópu og í höfuðstöðvum Alþjóða Rauða krossins.

# 12



**Karl Sæberg Júlísson** afbrotafræðingur starfaði sem öryggisfulltrúi Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) með aðsetur í Genf. Hlutverk hans var að aðstoða sendinefndir Rauða krossins við að koma upp öryggiskerfi og öryggisreglum á vettvangi.

Pólland



**Árni Gunnarsson** viðskiptafræðingur var ráðgjafi við uppbyggingu Rauða krossins í Póllandi á vegum Rauða kross Íslands en pólski Rauði krossinn hefur átt við langvarandi fjárhagsvanda að stríða og hefur félagið meðal annars safnað miklum skuldum. Jafnframt hefur komið í ljós að fjármálakerfi félagsins þarfnast endurskipulagningar.

Genf

Mongóla


ASÍA

Pakistan

Filippseyjar

Srí Lanka

Indónesía



**Michael Schulz** stjórn mála- og sagnfræðingur starfaði sem fulltrúi sendinefndar Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) með stöðu áheyrnarfulltrúa við Sameinuðu þjóðirnar í New York. Starf hans fólst að hluta til í að koma málefnum sem Rauða kross hreyfingin starfar að á dagskrá stofnana Sameinuðu þjóðanna.

**Baldur Steinn Helgason** mannfræðingur með diplómu í birgðastjórnun starfaði með Alþjóðasambandi Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) við birgðastjórnun í Níger vegna flóða, þurrka og uppskerubrests í landinu.



Níger

Súdan



**Rúnar Jón Friðgeirsson** byggingatæknifræðingur starfaði við vatnsveituverkefni í Darfur í Súdan á vegum Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC) vegna átaka milli uppreisnarhópa og stjórnarhers þar.

Sierra Leone

Filabeinsströndin

Úganda

Eþíópía

Kenía

Malaví

Simbabwe

Mósambík



**Hrafnhildur Sverrisdóttir MA** í alþjóðasamskiptum starfaði með Alþjóðaráði Rauða krossins (ICRC) á Filabeinsströndinni að vernd almennings vegna átaka stjórnarhers og uppreisnarmanna. Hrafnhildur sinnti meðal annars leitarpjónustu og heimsóknum til fanga á átakasvæðum til að tryggja mannúðlega meðferð þeirra.



**Áslaug Arnaldsdóttir** hjúkrunarfræðingur starfaði í norðurhluta Úganda við heilsugæslu í flóttamannabúðum á vegum Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC) vegna viðvarandi átaka uppreisnarhers og stjórnarhersins í landinu. Áslaug sinnti einnig þeim sem höfðu særst í átökunum og sá um fræðslu til heilbrigðisstarfsfólks og almennings um farsóttir.



**Kristján Þorkelsson** pípuþingamestari starfaði í Harare í Eþíópíu við stjórnun á uppsetningu vatnsveitu- og frærennslskerfa með Alþjóðaráði Rauða krossins (ICRC). Miklir þurrkar voru í austurhluta landsins og róstursamt.

**Ómar Valdimarsson** blaðamaður starfaði sem forstöðumaður upplýsingaeldar svæðisskrifstofu Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) í Austur-Afríku með aðsetur í Næróbi í Keníu. Ómar hafði meðal annars það hlutverk að aðstoða við þróun starfs upplýsingasviða landsfélaga í austanverðri Afríku ásamt því að vera upplýsingafultrúi.



**Birna Halldórsdóttir** mannfræðingur starfaði í Malaví þar sem hún stýrði dreifingu matvæla og annarra hjálpargagna á vegum Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) vegna þurrka og uppskerubrests í landinu.



**Nína Helgadóttir** mannfræðingur starfaði sem verkefnisstjóri þróunarsamvinnu Rauða kross Íslands með aðsetur í Maputo í Mósambík. Nína sinnti þar samstarfsverkefnum Rauða kross Íslands og Rauða krossins í Mósambík um þróun verkefna á sviði heilsugæslu og heilbrigðisþjónustu. Nína sinnti einnig samstarfsverkefnum Rauða kross Íslands við þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) og við Rauða krossinn í Malaví og Suður-Afríku.



**Huld Ingimarsdóttir** markaðsfræðingur starfaði sem fjármála- og fjárflyunarstjóri á svæðisskrifstofu Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) fyrir sunnanverða Afríku, með aðsetur í Harare í Simbabwe. Huld hafði meðal annars það hlutverk að aðstoða tíu landsfélög við að setja upp fjármálakerfi og þróa fjárflyunarleiðir.



**Hlín Baldvinsdóttir** rekstrarfræðingur starfaði fyrri hluta árs að samstarfsverkefni Rauða kross Íslands og Rauða krossins í Mósambík um þróun verkefna á sviði heilsugæslu og heilbrigðisþjónustu. Seinni hluta ársins starfaði Hlín í Sierra Leone sem fjármálastjóri verkefna kanadíska Rauða krossins að forvörnum gegn malaríu.



**Sigurður Ingi Pálsson** kerfisfræðingur starfaði í Banda Aech á Súmötru í Indónesíu við umsjón tölvu- og fjarskiptamála sendinefndar Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) vegna uppbyggingarstarfa í kjölfar Tsunami flóðbylgjunnar.



# Aðstoð við fórnarlömb átakanna í Líbanon og Palestínu

**O. Ragnheiður Þórisdóttir** hjúkrunarfræðingur starfaði í Pakistan í kjölfar jarðskjálftans. Ragnheiður starfaði fyrst sem deildarhjúkrunarfræðingur á vegum Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) en síðar sem teymisstýra heilsugæsluteymis sem fór um strjálbýl héruð Norður-Pakistans og veitti særðum og sjúkum þjónustu.



**Pór Danielsson** viðskiptafræðingur gegndi starfi fulltrúa Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) í Mongólíu. Þór sinnti þar ráðgjöf við Rauða krossinn í Mongólíu við að byggja upp starfsemi sína, ekki síst á sviði fjárfletunar.

**Valgerður Grímsdóttir** svæfingarhjúkrunarfræðingur starfaði með Alþjóðaráði Rauða krossins (ICRC) á norsku neyðarsjúkrahúsi í Norðurhluta Pakistans.



**Hildur Magnúsdóttir** hjúkrunarfræðingur stýrði neyðarsjúkrahúsi Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) í Norður-Pakistan.

**Rafn Jónsson** flugstjóri stjórnadi flutningum hjálpargagna fyrir Alþjóðaráð Rauða krossins (ICRC) í fjallahéruðum Norður-Pakistans.



**Marianna Csillag** hjúkrunarfræðingur starfaði sem hjúkrunarstjóri á neyðarsjúkrahúsi á vegum Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) í Pakistan.

**Sólveig Þorvaldsdóttir** verkfræðingur starfaði með neyðarteymi Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (FACT IFRC) á Filippseyjum en fellibylurinn Dorian sem gekk yfir landið í lok nóvember 2006 olli miklu manntjóni og skemmdum á mannvirkjum. Sólveig hafði það hlutverk að aðstoða filippseyska Rauða krossinn við að skipuleggja neyðaraðstoð og þá dreifingu hjálpargagna sérstaklega.

**Kolbrún Þórdardóttir** hjúkrunarfræðingur og kennari starfaði sem verkefnastjóri sál-félagslegrar þjónustu í austurhluta Sri Lanka í kjölfar Tsunami flóðbylgjunnar. Verkefnið var unnið í samvinnu við danska Rauða krossinn.

**Hjördís Guðbjörnsdóttir** hjúkrunarfræðingur starfaði að verkefnum á sviði heilsugæslu í Aceh-héraði á Súmöturu í Indónesíu með Alþjóðaráði Rauða krossins (ICRC) vegna eyðileggingar af völdum Tsunami flóðbylgjunnar.

**Robin Bovey** líffræðingur stjórnaði dreifingu hjálpargagna á vegum Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC) í Aceh-héraði á Súmöturu í Indónesíu í kjölfar Tsunami flóðbylgjunnar.



Í kjölfar stríðsins í Líbanon barst Rauða krossi Íslands rúmlega níu milljóna króna framlag frá ríkisstjórn Íslands til að styðja við hjálparstarf Alþjóða Rauða krossins þar í landi. Til viðbótar því framlagi lagði Rauði kross Íslands fram tvær milljónir króna úr hjálparsjóði félagsins. Þá styrktu íslensk stjórnvöld hjálparstarf Rauða krossins og Rauða hálfmánans á herteknu svæðunum og sjálfstjórnarsvæðum Palestínu um rúmlega sex milljónir króna. Einnig lagði Rauði kross Íslands til 7,5 milljónir króna úr hjálparsjóði sínum.

## Hjálparstarf Rauða krossins í Líbanon

Alþjóða Rauði krossinn vann mikilvægt starf við að aðstoða fórnarlömb stríðsins í Líbanon, bæði meðan á því stóð og eftir að því lauk í ágúst. Eitt af stærstu vandamálunum í landinu er meira en milljón ósprunginna klasasprengra sem nú liggja á víð og dreif um sunnanvert landið. Sprengjum þessum var dreift um stór landsvæði í árásum Ísraels hers í júlí og ágúst en talið er að 15-40% nái að jafnaði ekki að springa. Þær liggja áfram ósprungnar á jörðinni, oft illa sýnilegar þeim sem ganga um svæðið og halda áfram að valda alvarlegum áverkum og dauða löngu eftir að þeim er varpað. Frá því að stríðinu lauk í ágúst hefur fjöldi óbreyttra borgara látið lífið og enn fleiri sæst af þessum völdum. Alþjóða Rauði krossinn hefur skorað á ríki heims að takmarka notkun þeirra og hefur nú eftt að miklum mun baráttu sína fyrir því að ákvæði þess efnis verði sett í alþjóðleg mannréttindalög.

Ósprungnar klasasprengrar eru þó aðeins hluti af þeim mikla mannúðarvanda sem til staðar er í Líbanon eftir stríðið. Margir íbúanna búa enn við sára neyð eftir að hafa misst aleigu sína eða fjölskyldu. Alþjóða Rauði krossinn gaf í kjölfarið út neyðarbeiðni vegna átakanna og veitti um 2.000 fórnarlömbum stríðsins matvælaaðstoð. Jafnframt sá Rauði krossinn 1,2 milljónum manna fyrir hreinu vatni og stóð fyrir því að reistar yrðu heilsugæslustöðvar þar sem fólk var án læknishjálpar. Líkt og jafnan í stríðsátökum stóð Rauði krossinn vörð um alþjóðleg mannúðarlög, hafði milligöngu um fanga-skipti og vann að sameiningu fjölskyldna sem höfðu sundrast vegna átakanna.

Sjálfboðaliðar Rauða krossins í Líbanon unnu mikið og ósérhlífið starf til hjálpar fórnarlömbum stríðsins. Þar ber sérstaklega að nefna sjúkraflutningamenn sem björguðu mörgum mannlífum með áræðni sinni.



## Stuðningur við verkefni í Palestínu

Alþjóða Rauði krossinn vakti frá upphafi árs athygli á hnignandi mannúðarástandi í Palestínu. Fjöldi fátækra hefur aukist mikið með almennri efnahagslegri hnignun og samfélagsupplausn. Líkt og jafnan á tímum hörmunga eru það fátækir, sjúkir, börn og aldraðir sem þurfa að þola mestar þjáningar.

Palestínski Rauði hálfmáninn stóð frammi fyrir miklum erfiðleikum í starfi sínu við að veita fólki lífnsnauðsynlega aðstoð. Ofbeldi á báða bóga jókst á svæðinu. Aðgangur almennra borgara að nauðþurftum var skertur þar sem útgöngubann ríkti og vegatálmur voru víða. Palestínnumenn nutu takmarkaðrar heilbrigðis- og félagsþjónustu og þeim fjölgaði sem býr við sára fátækt.

Palestínski Rauði hálfmáninn, með stuðningi Alþjóða Rauða krossins, hefur þrátt fyrir þessar erfiðu aðstæður haldið ótrauður áfram starfi sínu við að aðstoða þá sem mest þurfa á að halda. Hann rekur meðal annars sjúkrahúspjónustu, 30 heilsugæslustöðvar og fjögur sjúkrahús og ber því ábyrgð á að veita stórum hluta almennrar heilbrigðisþjónustu til íbúanna á svæðinu. Einnig hefur palestínski Rauði hálfmáninn átt náið samstarf við Rauða kross Íslands og danska Rauða krossinn frá árinu 2002 um sálrænan stuðning fyrir skólabörn í bæjunum Tubas og Qalqilya og foreldra þeirra.

Alþjóða Rauði krossinn lýsti yfir áhyggjum sínum vegna ástandsins í Palestínu og jók mjög við aðstoð sína á svæðinu til að reyna að afstýra frekara neyðarástandi. Rauði krossinn sendi út yfirlýsingu þar sem aðilar að ófriðnum voru beðnir um að hlífa almennum borgurum, og þeir hvattir til að fara í einu og öllu eftir alþjóðlegum mannúðarlögum.

Þá sendi Palestínski Rauði hálfmáninn frá sér neyðarbeiðni þar sem fram kom að landsfélagið þyrfti um 600 milljónir króna eða yrði ella að leggja heilbrigðisverkefni sín niður. Íslensk stjórnvöld styrktu hjálparstarf Rauða krossins og Rauða hálfmánans á herteknu svæðunum og sjálfstjórnarsvæðum Palestínu um rúmlega sex milljónir króna. Einnig lagði Rauði kross Íslands til 7,5 milljónir króna úr hjálparsjóði sínum. Framlag Rauða krossins og íslenskra stjórnvalda nam því samtals um 13,5 milljónum króna.



14





Alþjóðastarf

## Aðstoð Rauða kross Íslands í baráttunni gegn alnæmi hefur aldrei verið brýnni

# 15

Baráttan gegn alnæmi í sunnanverðri Afríku er eitt af forgangsverkefnum Rauða kross Íslands og félagið styður nú við öflugt forvarnar- og aðhlyningarstarf í þeim löndum álfunnar þar sem brýnnast er að bregðast við þessum vágesti.

### Heimahlýning fyrir alnæmissmitaða og fræðsla fyrir skólabörn í Malaví

Líkt og í mörgum öðrum löndum sunnanverðrar Afríku er alnæmi mikið vandamál í Malaví. Talið er að um 800 þúsund manns séu smituð af alnæmi og um 500 þúsund börn hafi misst foreldra sína úr sjúkdómnum. Rauði kross Íslands hóf stuðning sinn við alnæmisstarf Rauða krossins í Malaví árið 2002. Verkefnið er í bænum Nkalo í Chiradzulu héraði og felst í heimahlýningu, aðstoð við munaðarlaus börn og fyrirbyggjandi fræðslu.

Úttekt á verkefninu var gerð og þá sýndi sig að náðst hafði mjög góður árangur. Markmiðum um heimahlýningu hafði verið náð, skilningur og þekking á útbreiðslu alnæmis hafði batnað mikið og stuðningur við skólabörn hafði mjög jákvæð áhrif. Það sýndi sig jafnframt að þörf er fyrir áframhaldandi stuðning við börnin og aukna fyrirbyggjandi fræðslu. Úttektin sýndi einnig að sjálfshjálparhópar smitaðra hafa mikilvægu hlutverki að gegna hvað varðar opnari umræðu um alnæmissmit í samfélaginu. Sú umræða skiptir miklu máli til að draga megi úr frekari útbreiðslu sjúkdómsins. Sjálfshjálparhóparnir stuðla jafnframt að minni fordómum í garð smitaðra.

### Heilbrigðisþjónusta og aðstoð við götubörn í Mósambík

Rauði kross Íslands hefur einnig stutt heilbrigðisverkefni Rauða krossins í Mósambík sem að stórum hluta miðar að aðstoð við fórnarlömb alnæmis í landinu. Hafin var bygging á nýrri heilsugæslustöð í Chibucutso í Mapútó-héraði en að því verkefni stendur Rauði kross Íslands og Þróunarsamvinnustofnun Íslands í samvinnu við mósambíska Rauða krossinn. Stöðinni er ætlað að þjóna níu þúsund manns sem hingað til hafa verið án reglubundinnar heilbrigðisþjónustu. Sjálfboðaliðar verða þjálfaðir til að sinna fræðslu og heimsóknþjónustu og á heilsugæslustöðinni verður meðal annars lögð áhersla á mæðravernd, fræðslu, mótefnaælingar og ráðgjöf fyrir alnæmissmitaða. Lögð er sérstök áhersla á að koma í veg fyrir að börn smitist af mæðrum sínum við fæðingu.

Rauði kross Íslands jók á árinu stuðning sinn við rekstur athvarfa fyrir götubörn í borgunum Mapútó og Beira. Flest þessara barna hafa misst foreldra sína vegna alnæmisfaraldursins sem enn geisar í landinu. Í athvörfunum fá um fjögur hundruð börn á ári umhyggju, mat, heilbrigðisþjónustu og aðstoð við heimanám. Þau fá einnig iðnþjálfun af ýmsu tagi og læra saumaskap, húsgagnasmíði og fleira. 250 af þessum börnum eru á Boa Esperanca athvarfinu í Mapútó og 150 á Tinotenda í Beira. Hluti verkefnisins byggir einnig á því að finna þeim fósturfjölskyldur sem síðan fá stuðning til að sjá fyrir börnunum.

### Heimahlýning fyrir alnæmissjúka í Suður-Afríku

Rauði kross Íslands hefur átt samstarf við Rauða kross Suður-Afríku frá árinu 2002 um aðstoð við alnæmissjúka í úthverfum Kimberley í Northern Cape sem er eitt af fátækustu héruðum landsins. Verkefnið byggist á öflugum starfi sjálfboðaliða á sviði forvarna, málsvaustarfs og fræðslu. Jafnframt sinna þeir stuðningi við munaðarlaus börn og heimahlýningu fyrir um 420 skjólstaðinga sem flestir eru smitaðir af alnæmi. Mikil áhersla er einnig lögð á baráttu gegn fáfræði og fórdómum gagnvart þeim sem smitaðir eru af veirunni. Þrátt fyrir hið mikla starf Rauða kross hreyfingarinnar er þó mikið starf enn óunnið í þágu fórnarlamba alnæmis í Suður-Afríku. Dæmi um þann mikla vanda sem við blasir er að 250 þúsund börn undir 18 ára aldri eru talin smituð af alnæmisveirunni en um 600 þúsund börn eru munaðarlaus, oftast vegna þess að foreldrar hafa látist úr alnæmi.

Ákveðin tímamót urðu í þróunarsamvinnu félagsins þegar opnuð var svæðisskrifstofa fyrir sunnanverða Afríku í Mapútó í Mósambík í september. Verkefnisstjóri sem áður var á landsskrifstofu er nú búsettur á svæðinu og starfar í náinni samvinnu með systurfélögum Rauða krossins í sunnanverðri Afríku.



# 16



## Fjölbreytt námskeið haldin á árinu

Rauði kross Íslands gengst fyrir fjölda námskeiða á ári hverju. Námskeiðin taka fyrir allt frá grunnupplýsingum um skyndihjálp til þess að undirbúa tilvonandi sendifulltrúa til dvalar á fjarlægum slóðum. Hér verður gerð grein fyrir nokkrum námskeiðanna.

**Skyndihjálp og sálrænn stuðningur.** Boðið er upp á vönduð og hagnýt námskeið sem sniðin eru að þörfum almennings og hópa, fagaðila og fyrirtækja, bæði hvað varðar lengd og efnistöð. Á námskeiðunum er lögð áhersla á að kenna rétt viðbrögð í neyð og einfaldar aðferðir skyndihjálpar og sálræns stuðnings.

**Áverkar.** Námskeiðið er fyrir þá sem vilja öðlast öryggi, færni og þekkingu í að veita nærstöddum aðstoð í bráðatilfellum. Það gagnast vel öikumönnum, langferðabílstjórum, kennurum, þjálfurum og öðrum starfsmönnum íþróttahúsa og skóla.

**Endurlífgun.** Námskeiðið er ætlað þeim sem vilja tileinka sér aðferðir við endurlífgun, blástur og hjartahnoð.

**Skyndihjálp og björgun fyrir starfsfólk sundstaða.** Námskeiðið er sérstaklega fyrir sundlaugarverði og annað starfsfólk sundstaða og gagnlegt fyrir sundkennara og starfsfólk sumarnámskeiða fyrir börn og unglinga.

**Sálrænn stuðningur.** Námskeiðið hentar vel fyrir tækjum, starfsmannahópum og almenningi sem vilja öðlast þekkingu og færni í sálrænum stuðningi.

**Almenn skyndihjálp og sálrænn stuðningur fyrir starfsfólk grunnskóla.** Námskeið ætlað starfsfólki grunnskóla sem vill auka þekkingu sína í almennri skyndihjálpar og sálrænum stuðningi.

**Félagastuðningur.** Námskeið sem henta vel hópum sem vinna saman að erfiðum verkefnum og vilja öðlast þekkingu á hvernig nýta má félagahópinn í sálrænum stuðningi.

**Leiðbeinendur í skyndihjálpar.** Rauði krossinn heldur reglulega námskeið fyrir leiðbeinendur í skyndihjálpar.

**Leiðbeinendanámskeið í sálrænum stuðningi.** Skilyrði fyrir þátttöku í námskeiðinu er fagmenntun á sviði heilbrigðismála, svo sem sálfræði, félags- eða uppeldisfræði og reynsla af áfallavinnu. Á námskeiðinu er leitast við að dýpka þekkingu og skilning þátttakenda á eðli áfalla og viðbrögðum einstaklinga við þeim.

**Framhaldsnámskeið í sálrænum stuðningi.** Á námskeiðinu er fjallað meðal annars um áhrif alvarlegra atburða á fólk, hvernig það tekst á við slíka atburði og hvaða stuðningur kemur því best. Þá er fjallað um svokallaða viðrun viðbragðshópa, sem eru stuttir fundir í lok útkalls.

**Skyndihjálpar fyrir fjöldahjálparstjóra.** Námskeiðið er ætlað fjöldahjálparstjórum og stuðningsaðilum Rauða kross deilda í fjöldahjálpar og félagslegu hjálparstarfi. Markmið þess er að auka þekkingu og færni fjöldahjálparstjóra og stuðningsaðila fjöldahjálpar í skyndihjálpar, að þeir geti brugðist við veikindum og slysum og þarfagreint og veitt ólíkum hópum skyndihjálpar, svo sem börnum, öldruðum og þunguðum konum.

**Börn og umhverfi.** Námskeið fyrir börn 11 ára og eldri sem gæta yngri barna. Á námskeiðinu er farið í ýmsa þætti er varða umgengni og framkomu við börn, aga, umönnun og hollar lífsvenjur, leiki og leikföng. Einnig er lögð áhersla á slysavarnir og algengar slyshættur í umhverfinu.

**Slys á börnum.** Á námskeiðinu er meðal annars fjallað um varnir gegn slysum á börnum og orsakir slysa almennt, þroska barna og slys sem tengjast aldri. Farið er í skyndihjálpar við algengum barnaslysum. Þetta námskeið er einkar gagnlegt fyrir foreldra, dagforeldra, starfsfólk dagvistarstofnana, leiðbeinendur á leikjanámskeiðum, kennara og íþróttþjálfara.







Námskeið



**Fjöldahjálparstjóranámskeið.** Fjöldahjálparstjórnarstarfi í fjöldahjálp og félagslegri aðstoð á neyðarstundu. Í því felst að setja upp móttökustaði (fjöldahjálparstöðvar), skrá niður upplýsingar eða veita aðhlyningu þeim sem hana þurfa. Námskeiðið er opið öllum þeim sem hafa áhuga á og vilja starfa með Rauða krossinum í þessum málaflokki.

**Sumarbúðir fyrir fatlaða einstaklinga.** Rauða kross deildir á Norðurlandi, Austurlandi og höfuðborgarsvæðinu reka sumarbúðir fyrir fatlaða einstaklinga á sumrin í Skagafirði og Stykkishólmi. Sumarbúðirnar eru öllum opnar en þeir sem búa við fötlun og einstaklingar með sérþarfir hafa forgang.

**Á flóttu.** Á flóttu er upprunalega danskur hlutverkleikur sem gefur ungu fólki á aldrinum 13–18 ára tækifæri á að upplifa hvernig það er að vera flóttamaður í einn sólarhring þar sem það upplifir hræðslu, angist, þreytu og aðrar tilfinningar sem flóttamenn jafnvel lifa við í mörg ár. Að leik loknum hafa þátttakendur öðlast nýja sýn á heim flóttamanna sem skilar sér í auknum skilningi og samúð með aðstæðum þeirra.

**Námskeið fyrir aðstandendur geðfatlaðra og áhugafólk um geðheilbrigðismál.** Rauði krossinn hefur í samstarfi við landlæknisembættið og Geðhjálp haldið námskeiðin um allt land. Markmið námskeiðanna er að efla þekkingu og skilning á geðröskunum og stuðla að auknum lífsgæðum geðfatlaðra og fjölskyldna þeirra.

**Viðhorf og virðing.** Námskeið sem er ætlað öllum þeim sem vilja vinna gegn fordómum og mismunun gagnvart minnihlutahópum, þar sem mannúð, hlutleysi og óhlutrægni eru höfð að leiðarljósi.

**Sjálfsstyrkingarnámskeið.** Akranesdeild Rauða krossins hefur boðið upp á sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir 13–16 ára unglinga. Markmiðið með námskeiðinu er að efla sjálfstraust og félagsfærni og kenna krökkunum að takast á við og skilgreina eigin tilfinningar. Einnig er lögð áhersla á að krakkarnir öðlist víðsýni og aukinn skilning á samfélaginu, læri að setja sig í spor annarra án þess að dæma og finni ánægjuna sem fylgir því að láta gott af sér leiða.

**Grunnnámskeið Rauða krossins.** Öllum sem starfa fyrir Rauða kross hreyfinguna er gefinn kostur á að sækja grunnnámskeið. Á námskeiðinu er farið yfir upphaf Rauða krossins og ágríp úr sögu hreyfingarinnar, grundvallarmarkmið hans og alþjóðleg mannúðarlög, stefnu félagsins til 2010 og helstu áherslur í starfi félagsins innanlands og utan.

**Grunnnámskeið URKÍ.** Námskeið þetta er fyrir unga fólk í Rauða krossinum. Á því er farið yfir sjö grundvallarmarkmið Rauða krossins og það gjarnan gert á leikrænan hátt með túlkunum. Þá er fræðst um upphaf hreyfingarinnar og Henry Dunant stofnanda Rauða krossins.

**Deildanámskeið Rauða krossins.** Þessi námskeið eru haldin á svæðavísu og eru nauðsynleg öllum sem starfa í stjórnum deilda og/eða hafa umsjón með verkefnum á vegum félagsins. Markmið námskeiðanna er að styrkja deildafólk í störfum sínum og gera það hæfara til að takast á við verkefni sín og skyldur. Farið er yfir hugsjónir Rauða krossins, störf og hlutverk deilda, sjálfbúið starf og ræðumennsku.

**Leiðtoganámskeið.** Á námskeiðinu er lögð áhersla á fræðslu um mannleg samskipti og hlutverk leiðtoga sem stjórnendur sjálfbúiðaliða. Námskeiðið er liður í að efla og samræma stjórnun sjálfbúiðaliða í deildum um allt land.

**Námskeið fyrir heimsóknavini.** Á námskeiðunum er meðal annars greint frá tilgangi heimsóknavina og farið yfir leiðbeiningar og reglur sem þarf að hafa í huga í heimsóknum. Námskeiðin eru ætluð þeim sem hafa hug á að heimsækja félagslega einangrað fólk.



**Námskeið fyrir sjálfbúiðaliða Hjálparsímans 1717.** Sjálfbúiðaliðar Hjálparsímans taka allir 40 stunda undirbúningsnámskeið. Þar fræðast þeir um þunglyndi, kvíða og aðrar geðraskanir og fá æfingu í sálrænum stuðningi og viðtalstækni.

**Sendifulltrúanámskeið.** Rauði kross Íslands sendir einungis út vel þjálfaða og hæfileikaríka starfsmenn. Þeir sem sækjast eftir því að verða sendifulltrúar hjá félaginu þurfa að sækja sendifulltrúanámskeið Rauða krossins. Sendifulltrúar þurfa að hafa skilning á grundvallarhugmyndum og skipulagi Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Á námskeiðinu eru rædd málefni, vandamál og ögrandi viðfangsefni sem þátttakendur þurfa að takast á við í þróunarvinnu, neyðaraðstoð eða á stríðstímum og þeim hjálpað að próa færni sína í vinnu við þær aðstæður.

**Öryggisnámskeið fyrir sendifulltrúa.** Sendifulltrúar eru oft við störf á átakasvæðum þar sem öryggismál eru mjög mikilvæg. Á námskeiðinu er farið yfir hvernig eigi að haga sér við hinar ýmsu aðstæður til að tryggja sem best öryggi á vettvangi.

**Leiðbeinendanámskeið í barna- og ungmennastarfi.** Námskeiðin eru fyrir leiðbeinendur frá deildum félagsins sem þegar halda úti barna- og ungmennastarfi og þeir sem hyggja á starf. Á námskeiðunum fá leiðbeinendur tækifæri til að kynna verkefni sín og miðla þekkingu og reynslu deilda. Farið er yfir hlutverk leiðbeinandans hvað varðar öryggi í starfi og skyldur og skoðuð handbók þess efnis.



**18**



## Nýjungar í starfi heimsóknavina

**Heimsóknavinir leitast við að draga úr einsemd þeirra sem búa við félagslega einangrun. Þarfir gestgjafanna eru misjafnar og því mikilvægt að bjóða fjölbreytta þjónustu. Tvær nýjungar bættust við á árinu, annars vegar heimsóknir til hælisleitenda og hins vegar heimsóknir með hunda.**

### Heimsóknavinum fjölga

Verkefnið var unnið í 27 deildum á árinu og voru níu deildir að sinna því í fyrsta skipti. Allt útlit er fyrir að 43 deildir sinni verkefninu í árslok 2007 enda mikil þörf fyrir heimsóknavini Rauða krossins um land allt. Deildir á Vestfjörðum hafa heimsóknavini sem svæðisverkefni. Allir heimsóknavinir sækja undirbúningsnámskeið áður en þeir fara í heimsóknir og mættu 105 þátttakendur á tólf námskeið á árinu. Heildartala heimsóknavina var um 200 talsins og heimsóttu þeir riflega 200 gestgjafa.

### Hundar sem heimsóknavinir

Nýjasti liðsaukinn hjá heimsóknavinum eru hundar. Sjálfboðaliðar innan Kópavogsdeildar starfa að þessu verkefni og á árinu fóru átta hundar ásamt eigendum sínum í heimsóknir til langveikra barna, alzheimersjúklinga, geðfatlaðra og á sambýli aldráða. Hundarnir eru valdir af kostgæfni og þurfa að standast ákveðnar kröfur. Hundaeigendurnir sækja undirbúningsnámskeið líkt og aðrir heimsóknavinir.



### Heimsóknir til hælisleitenda

Rauði krossinn hefur mikla reynslu af málefnum hælisleitenda. Þeir búa oft á tíðum við mikið óryggi og glíma við margvíslega erfiðleika. Um haustið hófu sjálfboðaliðar innan Hafnarfjarðardeildar, undir handleiðslu sr. Toshiki Toma, að heimsækja hælisleitendur. Í hverri viku fóru þrír til fjórir sjálfboðaliðar í heimsókn og dvöldu hjá fólkinu í um eina og hálf klukkustund í senn.

Í desember var svo haldinn hátíðarkvöldverður fyrir hælisleitendur í Sjálfboðamiðstöð Rauða krossins í Hafnarfirði. Á borðum var hefðbundinn íslenskur hátíðarmatur sem gestir kunnu afskaplega vel að meta. Að borðhaldi loknu var heljarmikil flugeldasýning í Hafnarfirði sem vakti lukku þótt óneitanlega hafi sumum brugðið í brún þegar lætin hófust.

### Málþing hópstjóra

Í desember var haldið málþing hópstjóra í þriðja sinn og þar funduðu 24 heimsóknavinir og starfsmenn deildanna. Fjölbreytt dagskrá var í boði sem byggðist fyrst og fremst á fróðlegum erindum með það að markmiði að styðja og styrkja heimsóknavini í starfi.



Heimsóknavinur heimsækir viðkomandi gestgjafa oftast einu sinni í viku, klukkustund í senn og er tíminn notaður til að spjalla saman, lesa, spila, tefla, fara út að ganga eða í ökuferð. Heimsóknavinir eru bundnir trúnaði við þá sem þeir heimsækja.



### Á árinu bauð Rauði krossinn eftirfarandi tegundir heimsókna:

- Heimsóknir á einkaheimili, dvalarheimili, hjúkrunarheimili, sambýli eða spítala
- Heimsóknir með hunda
- Ökuvinir
- Heimsóknir til geðfatlaðra
- Heimsóknir til fanga
- Heimsóknir til hælisleitenda



Vinirnir Skúli Eggert Kristjánsson Sigurz, 8 ára, og Fannar Guðni Guðmundsson, 9 ára, færðu Rauða krossinum ágóða af tombólu sem þeir héldu fyrir utan Nettó í Salahverfi í Kópavogi. Strákarnir voru ótrúlega duglegir og hagnaðurinn var með því mesta sem tombólubörn hafa náð að safna eða 37.643 krónur.

# 20



## Ungt fólk tekur þátt í fjölbreyttu starfi innan Rauða krossins

**Ungmennahreyfing Rauða kross Íslands.** Stjórn Rauða kross Íslands samþykkti nýjar starfsreglur fyrir Ungmennahreyfingu Rauða kross Íslands sem tóku gildi í upphafi árs. Þar er skerpt á þeim markmiðum hreyfingarinnar að ungu fólk sé skapaður vettvangur til að sinna Rauða kross starfi og vinna að þeim mannúðar- og mannréttindamálum sem snerta sérstaklega ungt fólk. Félagar í URKÍ eru allir félagar Rauða krossins 30 ára og yngri. Á árinu voru níu deildir með ungmennastarf.

Ungmennahreyfingin hélt landsfund sinn í Reykjavík á síðasta ári og aukalandsfund í framhaldinu þar sem kjörin var ný stjórn. Formaður stjórnar URKÍ er Ingibjörg Halldórsdóttir. Þóra Kristín Ásgeirsdóttir fyrrverandi formaður URKÍ hélt áfram setu sinni í Evrópuráði ungmennahreyfinga Rauða krossins og Rauða hálfmánans en þangað var hún kjörin árið 2005. Þóra Kristín er tengiliður Evrópuráðsins við ungmennahreyfingar Rauða krossins á Norðurlöndunum.

### Sumarmót á Kjalarnesi

Kjósarsýsludeild Rauða krossins hélt sumarmót helgina 23.–25. júní fyrir ungmenni sem starfa með félaginu. Þema mótsins var kynþáttafordómar og fóru fram áhugaverðar og fjórlegar umræður meðal gesta auk þess sem ýmis verkefni voru unnin.



Börnin á leikskólanum Sólborg á Ísafirði afhentu fulltrúa Rauða kross Íslands tæpar 4.000 kr sem þau söfnuðu sjálf. Öll börnin tóku þátt í verkefni sem fólst í því að þau komu með dósir og flöskur að heiman. Síðan fóru þau öll saman í leiðangur í endurvinnsluna til að fylgjast með því hvað verður um glerflöskurnar eftir að þeim hefur verið skilað. Bryndís Friðgeirsdóttir svæðisfulltrúi Rauða kross Íslands á Vestfjörðum heimsótti síðan börnin og sagði þeim frá því hvernig peningarnir sem þau söfnuðu munu nýtast til að hjálpa börnum sem búa við erfiðar aðstæður.

### Ungir innflytjendur í Kópavogi

Kópavogsdeild Rauða krossins hefur sett á stofn tvö fjölmennarleg verkefni fyrir ungmenni og kallast þau Enter og Eldhugar. Enter er fyrir innflytjendur á aldrinum 9-12 ára og er starfrækt í samvinnu við Hjallaskóla. Þar er unnið að því markmiði að auðvelda börnum að aðlagast íslensku samfélagi og vera virkir þátttakendur í því. Börnin koma einu sinni í viku eftir skóla í sjálfböðamiðstöð deildarinnar og fá málörvun og fræðslu í gegnum kynningarstarf og vettvangsferðir. Alls tóku um 30 börn þátt í starfinu á árinu en sjálfböðaliðar voru flestir skólafólk á þritugsaldri. Eldhugar er fyrir ungmenni á aldrinum 13–16 ára. Hátt í þrjátíu ungmenni, bæði af íslenskum og erlendum uppruna, hittast vikulega í sjálfböðamiðstöð Kópavogsdeildar Rauða krossins og vinna saman að því að byggja betra samfélag án mismununar og fordóma. Hugtökin virðing og umburðarlyndi eru höfð að leiðarljósi í fjölbreyttum og skemmtilegum verkefnum sem skapa um leið vináttutengsl á milli ungmenna með ólíkan bakgrunn. Sjálfböðaliðar taka þátt í og stýra starfinu í samstarfi við fagfólk á ýmsum sviðum sem einnig gefur vinnu sína. Verkefnið var hannað í sjálfböðavinnu af þremur háskólanemum og hófst í september.

### Vinnuskólafræðsla

Deildir Rauða krossins í Reykjavík og á Akureyri héldu námskeið fyrir unglinga í vinnuskólum í sumar. Þar fengu unglingarnir fræðslu um starfsemi Rauða krossins auk þess sem fjallað var um fjölbreytileika mannlífsins, fordóma og ýmiskonar viðhorf. Á Akureyri sóttu um 150 unglingar fræðsluna og um 600 í Reykjavík. Í höfuðborginni er verkefnið unnið í samstarfi við Lýðheilsustöð og er þetta fjórða sumarið sem boðið er upp á þessa fræðslu.

### Tombólufé kemur í góðar þarfir

Tombólubörn Rauða krossins vinna ötullega að fjársöfnun til að styðja við bakið á jafnöldrum sínum úti í heimi sem ekki búa við viðunandi lífskjör. Aldrei áður hafa fleiri ungir sjálfböðaliðar sinnt fjáröflun af þessu tagi og árið 2006 og hefur fjárhæðin aldrei verið hærrí. Sjálfböðaliðarnir voru 400 talsins og þeir söfnuðu alls 625 þúsund krónum með ýmsum leiðum eins og tombólusölu, flöskusöfnun eða annars konar söfnunum. Ágóðinn fer eins og alltaf í eitt og sama verkefnið og í ár var upphæðin notuð til styrktar börnum í Síerra Leóne. Byggður verður vatnsbrunnur við skólaathvarf í Kælahún-héraðinu sem Rauði krossinn í Síerra Leóne rekur með fjárstuðningi frá Rauða krossi Íslands. Athvarfið er eitt af fimm athvörfum sem Rauði krossinn rekur og í þeim fá börn og ungmenni bæði kennslu og sálræna aðstoð vegna afleiðinga borgarastyrjaldar.

### Vorferð ungmenna í Rauða krossinum

Á uppstigningardag héldu tæplega 50 krakkar sem taka þátt í ungmennastarfi Rauða kross deildanna á höfuðborgarsvæðinu í sameiginlega vorferð um Suðurland. Farið var á Þingvelli og gengið niður Almannagjá í blíðskaparveðri. Síðan var haldið í Þrastarlund og slegið upp grillveislu á tjaldstæðinu, farið í leiki og hlegið dátt. Eftir ánægjulega samveru í Þrastarlundi var farið í sund á Stokks-eyri. Ferðin tókst vel í alla staði og voru deildirnar ánægðar með að treysta böndin með þessum hætti.



## Samstarf við framhaldsskóla

### Veðabréfaverkefni, Bjartir dagar og jólakortagerð

Ungmennastarf hjá Hafnarfjarðardeild, URKÍ-H var endurvakið í byrjun árs eftir nokkurt hlé og ungum innflytjendum sérstaklega boðið til þátttöku. Í ungmennastarfinu er unnið gegn fordómum undir kjörorðunum „Byggjum betra samfélag“. Unnið var með grunnhugtök eins og fordóma, mismunun, umburðarlyndi, virðingu og vináttu með fjölbreyttum hætti, m.a. var sett upp sýning með túlkun ungmennanna á þessum hugtökum á bæjarhátíð Hafnarfjarðar, Bjartir dagar. Ungmennahreyfingin tók einnig þátt í svokölluðu „veðabréfaverkefni“ sem deildin hannaði til að uppfylla óskir ungmennanna um að fá að kynna framandi löndum og menningu. Verkefnið felst í að erlendir jafnir sem innlendir gestir kynna eitt land og þjóð og starf Rauða krossins þar. Útbúin voru sérstök veðabréf sem merkt eru verkefninu sem stimplað er í með þjóðfána þess lands sem kynnt er. Á árinu var jafnframt endurvakin jólakortagerð sem URKÍ-H stóð fyrir til margra ára. Vandað var mjög til kortanna sem ungmennin afhentu vistmönnum á hjúkrunarheimilinu Sólvangi í desember.

### Fróðleg námskeið

Góð þátttaka var á tveimur námskeiðum sem haldin voru fyrir leiðbeinendur í barna- og ungmennastarfi. Þar hittust leiðbeinendur frá deildum félagsins sem þegar halda úti barna- og ungmennastarfi og þeim sem hyggja á slíkt starf. Fróðleg erindi voru flutt um hlutverk leiðbeinenda og verkefni deilda. Þá var samveran ekki síður mikilvæg leiðbeinendum og tengslanetið sterkara fyrir vikið.

### Kynning í 8. bekk

Rauða kross deildir á höfuðborgarsvæðinu stóðu nú sem fyrr saman að kynningu á starfi Rauða krossins fyrir nemendum 8. bekkjar í grunnskólum á svæðinu. Sjálfboðaliðar ásamt starfsmönnum deildanna og svæðisfulltrúa höfuðborgarsvæði fóru í skólana og fjölluðu um starf Rauða krossins og helstu verkefni félagsins heima og erlendis. Lögð var áhersla á að fræða nemendur um mannúð og hlutleysi, verkefni Rauða krossins á stríðs- og friðartímum auk þess sem verkefni viðkomandi deildar voru kynnt. Flestir grunnskólar á svæðinu nýttu sér þessa fræðslu eða um þrjátíu talsins. Rauða kross deildir víða annars staðar á landinu hafa einnig staðið að fræðslu í skólum á starfssvæði sínu, ýmist reglulega eða þegar skólar hafa óskað eftir slíku.

Það færir í vöxt að deildir Rauða krossins starfi með framhaldsskólum í þeim tilgangi að kynna fyrir nemendum sjálfboðið starf. Sums staðar hafa sérstakir áfangar verið hannaðir miðað við verkefni Rauða krossins en annars staðar hafa nemendur kynnst starfi Rauða krossins í almennum áföngum, svo sem félagsfræði, sálfræði og lífsleikni.

- **Kópavogsdeild Rauða krossins** starfaði með Menntaskólanum í Kópavogi, Menntaskólanum við Hamrahlíð og Háskóla Íslands. Nemendum Menntaskólans í Kópavogi gafst í fyrsta sinn kostur á að velja áfangann SJÁ 102 sem felur í sér sjálfboðið Rauða kross starf hjá Kópavogsdeild. Áfanginn var kenndur á bæði vor- og haustönn og voru nemendur 32 talsins. Nemendurnir sóttu allir grunnnámskeið fyrir sjálfboðaliða og sinntu svo ýmsum verkefnum deildarinnar.
- Fulltrúar Menntaskólans við Hamrahlíð óskuðu einnig eftir samstarfi við **Kópavogsdeild** vegna nemenda í svokölluðu IB-námi sem er nám til alþjóðlegs stúdentsprófs og gerir kröfu um ákveðinn tímafjölda í sjálfboðnu starfi. Nemendurnir fengu kynningu á sjálfboðnu starfi deildarinnar og í kjölfarið hófst þátttaka þeirra í verkefnum á borð við Enter, Eldhuga, Dvöl og Rjóðrið. Þá hefur deildin einnig verið í samstarfi við mannfræðiskor Háskóla Íslands með þeim hætti að mannfræðinemum á öðru og þriðja námsári gefst kostur á að taka þátt í sjálfboðnu starfi deildarinnar og fá einingar fyrir.
- **Akranesdeild Rauða krossins** og Fjölbautaskóli Vesturlands ákváðu í lok ársins að deildin hefði umsjón með áfanga um sjálfboðið starf. Ákveðið var að nemendur sæki grunnnámskeið Rauða krossins og sinni svo liðveisluverkefni sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun ungra Skagamanna.
- **Akureyrardeild** var í samstarfi við Verkmennaskólann á Akureyri og Menntaskólann á Akureyri um að kynna starf Rauða krossins nemendum. Í báðum tilfellum var kynningin hluti af lífsleikninámi. Í Verkmennaskólanum fengu nemendur almenna kynningu á Rauða krossinum en í Menntaskólanum var um ákveðið verkefni að ræða þar sem nemendum var ætlað að leggja til fimm til sjö klukkustundir í samfélagsþjónustu. Nemendur sinntu ýmsum verkefnum fyrir félagasamtök og stofnanir og hjá Rauða krossinum aðstoðuðu nemendur við fataflokkan, kynntu sér rekstur deildarinnar og aðstoðuðu í Laut sem er athvarf fyrir geðfatlaða. Nemendur skiluðu síðan skýrslu um verkefnið og kynntu það í opinni málstofu.
- **Ísafjarðardeild** hefur um árabíl verið í samstarfi við Menntaskólann á Ísafirði um að heimsækja skólann og kynna Rauða krossinn og mannúðarhugsjónina fyrir nemendum.
- Í lok ársins hófst samvinna **deilda á Norðurlandi** við Fjölbautaskóla Norðurlands vestra um hlutverkaleikinn Á flóttu. Í skólanámskrá Fjölbautaskólans er nú að finna valáfangann FLÓ 101 sem felur í sér að nemendur taki þátt í leikum og skrifi ritgerð um upplifun sína. Vonast er til að á bilinu 40–60 nemendur taki þátt í leikum hverju sinni. Leiðbeinendur frá deildum Rauða krossins á Norðurlandi sjá um verkefnið í samstarfi við Ungmennadeild Reykjavíkurdeildar Rauða krossins.



„Vináttu og virðing í Kópavogi“ er yfirskrift ljósmyndasýningar Eldhuga sem opnuð var í BYKO Breiddinni í október. Ljósmyndir og hugsanir Eldhuga út frá hugtökunum vináttu, Kópavogur, íslenskt og útlenskt prýða anddyri verslunarinnar til áramóta.

## Hve langt viltu ganga?

Akranesdeild Rauða krossins skipulagði verkefnið Hve langt viltu ganga? í samstarfi við Björgunarfélag Akraness og félagsmiðstöðina Arnardal. Markmiðið var að efla sjálfstraust og félagsfærni 14–16 ára unglinga sem búa við skerta félagsfærni og lágt sjálfsmat. Þátttakendum var skipt í tvo svokallaða Vinahópa þar sem átta stelpur voru í öðrum hópnum en átta strákar í hinum. Hóparnir hittust vikulega á haustönn með leiðbeinendum sínum og sóttu meðal annars sjálfstyrkingarnámskeið sem mikil ánægja var með. Deildin er að undirbúa svipað verkefni fyrir haustið 2007 fyrir fólk á aldrinum 16–18 ára sem stendur á krossgötum í lífinu. Verkefnið verður unnið í samvinnu við námsráðgjafa í Fjölbautaskóla Vesturlands og verkefnastjóra æskulýðsmála hjá Akraneskaupstað.

## Unglingastarf Ungmennadeildar Reykjavíkurdeildar

Ungmennadeild Reykjavíkurdeildar jók unglunga- starf sitt á árinu. Starfið fer fram í tveimur hópum þar sem unglingar á aldrinum 13 til 15 ára hittast á miðvikudögum í tvær klukkustundir í senn. Markmið starfsins er tvíþætt. Annars vegar að ná til unglinga af erlendum uppruna, auðvelda þeim að kynnast íslensku menningu og koma í veg fyrir einangrun. Hins vegar er um að ræða hefðbundið unglingastarf þar sem unnið er með hugsjónir Rauða krossins.

Verkefni hópanna hafa verið fjölbreytt og hafa þeir ýmist unnið saman eða sitt í hvoru lagi. Hóparnir hafa til að mynda fönndrað jólakort fyrir eldri borg- ara á dvalarheimilum, hnýtt HIV borða fyrir Alþjóð- lega alnæmisdaginn, lært skyndihjálp að ögleymd- um pizzakvöldunum sem alltaf eru jafn vinsæl.

## Framtíð í nýju landi

Verkefnið Framtíð í nýju landi er tilraunaverkefni til þriggja ára sem miðar að því að finna leiðir til að efla stuðning við ungt fólk af erlendum uppruna og hjálpa þeim að ná markmiðum sínum varðandi nám og störf. Upphaflega var ætlunin að starfa náði með 10-15 einstaklingum en nú þegar öðru starfsári er lokið eru einstaklingarnir 32 talsins. Starfið bygg- ir á fjórum grunnþáttum en þeir eru mentoraverk- efnið, samstarf við skóla, samstarf við fyrirtæki og íslenskubrautin. Fyrir hvern þessara þátta hef- ur verið gert nákvæmt líkan sem þjónar sem leið- arljós í starfinu. Verkefnið hlaut styrk á árinu frá þróunarsjóði framhaldsskóla til að móta nýtt nám fyrir ungmenni af erlendum uppruna, svokallaðar íslenskubrautar. Í lok ársins gerði verkefnisstjórnin drög að faglegu mati á verkefninu og mótaði hug- myndir um framhaldið, þ.e.a.s. þegar tilraunverk- efnið lýkur þann 1. desember 2007.

## Á flóttu

Hlutverkaleikurinn Á flóttu sem gefur ungu fólki inn- sýn í líf flóttamanna virðist vera sívinsæll. Á árinu tók Skátahreyfingin virkan þátt í leiknum og hefur hug á að auka samstarfið enn frekar. Ungmennadeild Reykjavíkurdeildar Rauða krossins hefur umsjón með leiknum. Í október var haldinn leikur á Kjalarnesi og voru þátttakendur ungt fólk af höfuðborgarsvæðinu. Verkefnastjórar leiksins hafa skipulagt fræðslu- kvöld fyrir hópinn tvisvar á ári. Tilgangur fræðslu- kvöldanna er tvíþættur, annars vegar að fræðast um fjölmarga þætti sem snúa að leiknum, svo sem ýmis trúarbrögð og veruleika flóttafólks og hins vegar til að hópurnir kynnist betur.

Leikurinn sem er að danskri fyrirmynd gefur ungu fólki á aldrinum 13 til 18 ára tækifæri til að upplifa hvernig það er að vera flóttamaður. Í upphafi leiks- ins fá þátttakendur nýtt nafn, þjóðerni, vegabréf og jafnvel nýja fjölskyldu. Leikurinn stendur í sólar- hring og þurfa leikendur að kljást við ókunnugar að- stæður allan tímann. Markmiðið er að þátttakendur skilji betur aðstæður flóttamanna sem margir kljást við tilfinningar á borð við angist, þreytu og hræðslu svo árum skiptir.

Föstudaginn 28. júlí 2006 lagði enska skólaskútan James Cook úr Hafnar- fjarðarhöfn í átta daga ferð meðfram ströndum landsins. Meðal áhafnar- meðlima eru tvær stelpur úr Ungmennahreyfingu Rauða krossins, Lára Ágústsdóttir og Ágústa Aronsdóttir sem eru félagar í Kjósarsýsludeild. Skútan er í eigu ensku samtakanna Ocean Youth Trust North og markmiðið með henni er að styrkja leiðtogaþæfileika ungs fólks og þjálfa það í því að vinna í hópi. Auk þáttakenda frá Rauða krossi Íslands tóku fulltrúar frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg þátt í þessu skemmtilega verkefni.



## Ársskýrslan á Netinu

Tilgangurinn með útgáfu þessarar ársskýrslu er að gefa innsýn í starf Rauða kross Íslands á árinu 2006. Ekki er reynt að tiltaka alla þætti þess víðfeðma mannúðarstarfs sem fer fram í nafni félagsins á alþjóða- vettvangi, í almennu innanlandsstarfi, á svæðisvísu eða í deildum félagsins sem eru 50 um allt land. Á vef félagsins, [www.redcross.is/2006](http://www.redcross.is/2006) eru hins vegar mun ítarlegri upplýsingar um verkefni félagsins innanlands og utan.

Okkur er mikið metnaðarmál að Rauði kross Íslands sé opið félag og aðgengilegt. Ef þú, lesandi góður, vilt ganga til liðs við Rauða krossinn þá er auðveldast að byrja á Netinu. Þar eru birtar fréttir úr starfinu, upp- lýsingar um öll starfssvið félagsins og þar er hægt að skrá sig sem féлага, styrktarmann og sjálfboðaliða.

Fylgstu með starfi alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans á [www.icrc.org](http://www.icrc.org) og [www.ifrc.org](http://www.ifrc.org).

<http://www.redcross.is>  
[icrc.org](http://www.icrc.org)  
[ifrc.org](http://www.ifrc.org)

